

September 2024



Rannsóknaráætlun 2024–2026

Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðapjónustu



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



Ferðamálastofa

Geirsgötu 9 – 101 Reykjavík
535-5500 | upplýsingar@ferdamalastofa.is

September 2024

© 2024 – Ferðamálastofa

ferdamalastofa.is

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
FORMÁLI.....	4
1. INNGANGUR	5
11 <i>Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir</i>	6
12 <i>Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda.....</i>	7
2. RANNSÓKNARÁÆTLUN:	8
21 <i>Hlutverk ferðaþjónustu</i>	9
22 <i>Viðfangsefni rannsókna</i>	10
23 <i>Rannsóknir fyrir hverja?</i>	11
24 <i>Fjármögnun – forgangsröðun</i>	12
31 <i>Einstök verkefni: Lýsing</i>	13
32 <i>Verkefni: Yfirlit.....</i>	24
4. FRAMKVÆMD VERKEFNA.....	26
41 <i>Framkvæmd verkefna</i>	27
42 <i>Miðlun niðurstaðna</i>	30
TILVÍSANIR	31
VIÐAUKI 1	32
VIÐAUKI 2	35
VIÐAUKI 3	45

Formáli

Hér á eftir fylgir fimmta þriggja ára rannsóknaráætlun Ferðamálastofu. Hún nær til áraanna 2024–2026. Fyrri rannsóknaráætlanir sem ná aftur til 2020 er að finna á heimasíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is.

Umsvif í ferðaþjónustu jukust mjög hratt á árunum 2010 til 2018. Á þessum árum varð ferðaþjónusta ein af meginstoðunum í íslensku atvinnulífi á mælikvarða framlags til vergrar landsframleiðslu. Miðað við aðrar meginstoðir atvinnulífsins, þ.á.m. sjávarútveg og orkuiðnað, er ferðaþjónusta ung atvinnugrein í tiltölulega hraðri þróun og háð umtalsverðum sveiflum. Sjávarútvegurinn hefur verið hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi í meira en öld og mikil þekking er til staðar um hann og hlutverk hans í þjóðarbúskapnum. Svipaða sögu má segja um orkuiðnaðinn þótt hann sé yngri grein en sjávarútvegurinn. Samanborið við þessar aðrar meginstoðir í íslensku atvinnulífi, er enn sem komið er minni þekking og skilningur á ferðaþjónustunni og samspili hennar við aðra atvinnuvegi og efnahagslíf þjóðarinnar.

Umfangsmikil og áreiðanleg gögn eru grundvöllur fyrir skynsamlegri stefnumótun og árangursríkri stýringu, bæði fyrir stjórnvöld, sem móta ýmis rekstrarskilyrði greinarinnar og fyrirtæki í ferðaþjónustu sem taka helstu ákvarðanir um þróun hennar. Það er eitt meginhlutverk Ferðamálastofu að bæta úr þessari upplýsingaþörf og leggja grundvöll að dýpri og traustari þekkingu á greininni í því skyni að bæta rekstur hennar og framlag til þjóðarbúsins í framtíðinni.

Fjárheimildir Ferðamálastofu til rannsókna og gagnaöflunar hafa verið því nær óbreyttar að krónutölu frá árinu 2020. Á þessu tímabili hefur því verið um verulega raunlækkun að ræða á ráðstöfunarfé Ferðamálastofu til rannsókna og gagnaöflunar. Vegna þröngs fjárhags ríkissjóðs hefur rannsóknaré ekki verið aukið á árinu 2024. Eftirfarandi rannsóknaráætlun endurspeglar þennan fjárskort þannig að engin áform eru um auknar rannsóknir á árinu 2024 þótt þörfin sé brýn. Ferðamálastofa horfir hins vegar til nýrrar aðgerðaáætlunar fyrir ferðaþjónustu. Að fengnum upplýsingum um fjármögnun aðgerðaáætlunar frá og með árinu 2025 mun Ferðamálastofa aðlaga rannsóknaráætlun að auknum umsvifum. Að því sögðu hefur rannsóknaráætlunin að geyma hugmyndir og vissa útfærslu á mikilvægum rannsóknarverkefnum sem unnt er að hefja með tiltölulega skömmum fyrirvara fáist til þeirra nauðsynlegt fjármagn.

Rannsóknaráætlunin fyrir 2024-26 einkennist því öðru fremur af viðleitni til að nýta takmarkað rannsóknarfé betur. Kemur þar til allt í senn, hagræðing, endurskoðun verkþátta í yfirstandandi verkefnum, tæknilegar framfarir við vinnslu þeirra, skýrari markmiðssetning verkefna, aukin notkun útboða við val á framkvæmdaðilum og auknar kröfur um vísindaleg gæði verkefna.

Ferðamálastofa hyggst á árinu 2024 leggja áherslu á endurskipulagningu á mælaborði og gagnagrunni ferðaþjónustunnar með það að markmiði að styrkja hagnýta notkun mælaborðsins og auka aðgengi almennra notenda. Einnig mun stofnunin leita leiða til að nýta nýjungar í tækni til að þróa aðferðir til mælinga og gagnamiðlunar. Sérstaklega verður leitast við að auka gæði á landshlutabundinni tölfræði.

Ferðamálastofa hyggst enn fremur endurmeta framkvæmd tímabundinna rannsóknarverkefna og stuðla að betri rannsóknargæðum með faglegri rýni á framvindu sem og áfanga- og lokaskýrslur þeirra.

Reykjavík, 5. september 2024

Arnar Már Ólafsson
ferðamálastjóri



1. Inngangur

Eitt af lögbundnum hlutverkum Ferðamálastofu er að fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustunnar sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að samræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga á málefnasviði stofnunarinnar, sbr. lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020 (sjá viðauka 1) skal stofnunin jafnframt „...meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, móta rannsóknaráætlun ...“ um fyrirhuguð rannsóknarverkefni.

Rannsóknaráætlun er samkvæmt skilgreiningu 3. gr. reglugerðar nr. 20/2020 „...áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi“. Í 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram að Ferðamálastofa skuli „...móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni *jafnvægisáss ferðamála* og stefnumótunar stjórnvalda“. Verkefnum rannsóknaráætlunar Ferðamálastofu er því ætlað að styðja við stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu.

Gera má ráð fyrir að verkefni rannsóknaráætlunarinnar eigi einnig að styðja við stefnumörkun og ákvarðanir fyrirtækja í ferðaþjónustu og bæta þannig rekstur í greininni. Við gerð rannsóknaráætlana skal Ferðamálastofa m.a. forgangsraða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem til ráðstöfunar er og gæta jafnvægis milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta. Þá skal hún meta umfang verkefna, hagnýtt gildi þeirra og áætla kostnað. Hún skal jafnframt stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu.

1.1 Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Veigamikill þáttur í því að mæta ofangreindum sjónarmiðum við undirbúning og gerð rannsóknaráætlunarinnar er aðkoma svokallaðrar ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Samkvæmt sama reglugerðarákvæði ber samstarfsnefnd háskólastigsins að tilnefna tvo sérfræðinga í nefndina sem sinna rannsóknum og kennslu á sviði ferðamálafræði, en Samband Íslenskra sveitarfélaga, Samtök ferðaþjónustunnar, ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál, ráðherra sem fer með ferðamál, og Ferðamálastofa tilnefna einn sérfræðing hvert. Með samsetningu nefndarinnar er leitast við að draga að bæði vísindalega þekkingu og sérfræði hagsmunaaðila í greininni. Fyrir tímabilið 2024–2026 skipa nefndina:

-
- Dr. Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands – tilnefndur af Ferðamálastofu, formaður.
-
- Dr. Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor og deildarstjóri ferðamáladeildar við Háskólann á Hólum – tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins.
-
- Dr. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands – tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins.
-
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra – tilnefnd af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.
-
- Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu – tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.
-
- Diljá Matthíasardóttir, hagfræðingur SAF – tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar.
-
- Einar B. Árnason, sérfræðingur á skrifstofu ráðuneytisstjóra í menningar- og viðskiptaráðuneytinu – tilnefndur af manningar- og viðskiptaráðherra
-

Til að undirbúa ráðgjöf sína vegna þessarar rannsóknaráætlunar fundaði nefndin formlega þrisvar sinnum á tímabilinu maí-september 2023, auk samráðs utan funda með fjartengingum. Hún skilaði Ferðamálastofu ráðgjöf sinni vegna Rannsóknaráætlunar 2024–26 þann 20.9 2023. (sjá viðauka 2).

Rannsóknaráætlunin sem hér er kynnt byggir m.a. á ráðgjöf ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir.

1.2 Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda

Í samráðsferli stjórnvalda sem fór fram sumarið 2024 bárust tvær umsagnir, annars vegar frá Landsvirkjun (dags. 2. júlí 2024) og hins vegar frá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) (dags. 10. júlí 2024).

Í umsögn Landsvirkjunar segir m.a.

"...[Landsvirkjun] telur æskilegt að auka þekkingu á innbyrðis samspili ólíkra stoða í íslensku atvinnulífi. Landsvirkjun telur að ferðaþjónusta og endurnýjanleg orkuvinnsla séu greinar sem styðja við og styrkja hvor aðra. ... Í því samhengi bendir Landsvirkjun á þau tækifæri sem felast í sérstöðu Íslands sem lands endurnýjanlegrar orku og telur fyrirtækið mikilvægt að gætt sé að þeirri sérstöðu við markaðssetningu og ímyndarsköpun landsins sem áfangastaðar.

Viðhorf erlendra ferðamanna til endurnýjanlegrar orkuvinnslu á Íslandi er afar jákvætt... . Með það að markmiði að halda áfram að auka þekkingu og skilning á ferðaþjónustunni og samspili hennar við aðra atvinnuvegi og efnahagslíf þjóðarinnar leggur Landsvirkjun til að undir „Verkefni 2 – Landamærarannsókn: Lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna“ verði þess gætt að spyrja einnig erlendra ferðamenn um viðhorf og upplifun þeirra af endurnýjanlegri orkuvinnslu á Íslandi..."

Í umsögn SAF kemur m.a. fram að Samtökin telji að breyta þurfi reglugerð um rannsóknir og gagnaöflun á sviði ferðamála nr. 20/2020 auk þess sem fulltrúi Hagstofu Íslands þyrfti að verða skipaður í ráðgefandi nefnd. Þessu til viðbótar vekja Samtökin athygli á því að ekki hafi orðið nein raunhækkun á fjárframlagi til rannsókna og gagnaöflunar í ferðaþjónustu.

"SAF vilja ítreka minnisblað ráðgefandi nefndar um fjárveitingar til málaflokksins sem sjá má í fylgiskjali með rannsóknaráætluninni. Þar kemur m.a. fram að:


„...miklu minna fé bæði mælt í krónutölu og miðað við framlag til vergrar landsframleiðslu er varið til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu en í öðrum grunnatvinnuvegum landsmanna, þ.m.t sjávarútvegi, orkuframleiðslu og landbúnaði. Afleiðingin er óhjákvæmilega veikari þekkingargrundvöllur og þar með næstum örugglega lakari ákvörðunartaka bæði um skipulag og umgjörð ferðaþjónustunnar og einstakar framkvæmdir innan hennar en æskilegt er".

SAF kalla eftir, hér líkt og í öðrum umsögnum, að því takmarkaða fjármagni sem nýsamþykkttri þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 verður tryggt samkvæmt fjármálaáætlun verði forgangsraðað í rannsóknir og gagnaöflun. Komi í ljós að fjármagnið verði meira en gert er ráð fyrir í núverandi rannsóknaráætlun og FMST hefur meira á milli handanna hefur ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir sett fram hugmyndir að nýjum verkefnum sem þykja ákjósanleg.

SAF fagna nýjum verkefnum sem slíkum en vilja benda á að það gæti verið vænlegra til ávinnings að aukið fjármagn myndi fremur renna til verkefna líkt og brottfaratalningu fyrir farþega frá Íslandi frá Keflavíkurflugvelli í endurbætur og þróun. Mikið hefur áunnist hvað varðar brottfaratalningu farþega en margt er enn ábótavant, má þar nefna þjóðernaskiptingu farþega sem þarf að bæta..."

Skoða má umsagnirnar í fullri lengd í samráðsgátt stjórnvalda.

<https://island.is/samradsgatt/mal/3760>



2. Rannsóknaráætlun

Nokkur meginsjónarmið

Gagnaöflun og rannsóknum á vegum Ferðamálastofu er ætlað að „styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda“, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Í samræmi við þetta miðast þessi rannsóknaráætlun við að rannsóknir samkvæmt henni séu fræðilega vandaðar en jafnframt hagnýtar í þeim skilningi að þær auðveldi stjórnvöldum og aðilum í ferðaþjónustu að taka upplýstar ákvarðanir og stuðli þannig að því að ferðaþjónustan nái samfélagslegum markmiðum sínum.

Þessi rannsóknaráætlun byggir m.a. á fyrri úttektum og rannsóknum í ferðamálum sem fram hafa farið, m.a. á vegum Stjórnstöðvar ferðamála á árunum 2015–2018 og rannsóknum á vegum Ferðamálastofu á árunum 2019–2023. Í fyrri rannsóknaráætlunum Ferðamálastofu frá og með 2020 er gerð grein fyrir þessari fyrri rannsóknarvinnu.

2.1 Hlutverk ferðapjónustu


Ferðapjónusta er atvinnuvegur. Samfélagslegt hlutverk atvinnuvega er að leggja sem mest af mörkum til hagsældar þeirra sem í landinu búa. Hvað ferðapjónusta snertir má ætla að í þeirri hagsæld felist einkum:

- 1 Efnahagslegur ábati þjóðarinnar.
- 2 Verndun og sjálfbær nýting þeirra náttúrugæða sem ferðamennska notar.
- 3 Sem minnst neikvæð áhrif ferðamennsku á aðra atvinnuvegi og lífsgæði landsmanna.

Atriðin stuðla að því að fólk í landinu sé sátt við ferðapjónustu sem atvinnuveg. Þetta á enn frekar við ef ábatinn af ferðamennsku dreifist víða um landið og meðal þjóðarinnar og vegi upp hugsanleg neikvæð áhrif ferðapjónustu. Jafnframt ber að hafa hugfast að til þess að ferðamennska geti til frambúðar stuðlað að efnahagslegum ábata þjóðarinnar er nauðsynlegt að ferðamennirnir séu nægilega ánægðir með reynslu sína.

Ofangreind sjónarmið eru í samræmi við framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a, einnig Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, 2019). Sjónarmiðin eru sett fram í 4 þáttum eins og mynd 1 sýnir.

Mynd 1 Ferðapjónusta til 2030. Stefna og stefnurammi.






Menningar- og viðskiptaráðuneytið (2023).


Vinna skal markvisst í hverjum og einum þætti til að ferðapjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun og á sama tíma að ferðapjónusta verði arðsóm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð. Ennfremur er þess að geta að í jafnvægisáasi ferðamála (Atvinnu- og nýsköpunar- ráðuneytið, 2019b; Jónas Hallgrímsson o.fl., 2020) eru sjónarmið um sjálfbærni og þolmörk einstakra ferðamannastaða sem og landsins í heild lögð til grundvallar. Þolmörk ferðamennsku hafa verið skilgreind sem „sá hámarksfjöldi gesta sem áfangastaður ferðamanna getur tekið á móti samtímis án þess að náttúrulegt, hagrænt eða félags- og menningarlegt umhverfi verði fyrir skaða eða að óásættanleg skerðing verði á kjöraðstæðum og upplifun ferðamanna“ (sjá nánar Coccossis, Mexa, & Collovini, 2002).

2.2 Viðfangsefni rannsókna

Ofangreind markmið fyrir ferðaþjónustu skýrgreina í stórum dráttum þrjú meginvið sem rannsóknir á vegum Ferðamálastofu beinast að:

I	Efnahagslegur ávinningur af ferðaþjónustu	
II	Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði	
III	Áhrif ferðaþjónustu á samfélagið	

Ekki síður er þýðingarmikið að draga saman gagnlegar upplýsingar um ferðaþjónustu (bæði meginlegar og eigindlegar), halda þeim til haga og gera þær aðgengilegar til frekari greiningar og annarra nota, m.a. við stefnumörkun. Þetta skýrgreinir fjórða meginvið þessarar rannsóknaráætlunar:

IV	Gerð og þróun öflugs gagnagrunns um ferðaþjónustuna	
----	---	---

Á hverju þessara fjögurra sviða geta viðfangsefni rannsóknarverkefna m.a. verið

- mælingar á þýðingarmiklum þáttum,
- greining, s.s. á orsaka-afleiðingasamhengi eða tækifærum og ógnum,
- skýrgreining leiða til endurbóta og svo ekki síst
- miðlun upplýsinga.

Meginviðin og viðfangsefni fléttast saman með þeim hætti sem gagnlegt er að lýsa með töflu eins og þessari:

Viðfangsefni verkefna		i	ii	iii	iv
		Mælingar	Greining	Endurbætur	Miðlun
I	Efnahagslegur ávinningur				
II	Áhrif á umhverfisgæði				
III	Áhrif á samfélagið				
IV	Gagnagrunnur				

Öll rannsóknarverkefni falla í a.m.k. einn flokk í töflunni og sum geta náð til margra. Þá er einnig rétt að fram komi að þessari flokkun er fremur ætlað að veita kerfisbundið yfirlit en að vera tæmandi. Því kunna að vera til gagnleg rannsóknarverkefni sem ekki falla auðveldlega að þeirri flokkun sem í töflunni er lýst.

2.3 Rannsóknir fyrir hverja?

1. Fyrirtæki

Í ferðaþjónustu starfar mikill fjöldi stórra og smárra fyrirtækja. Þau starfa á ýmsum sviðum. Þeirra á meðal má nefna:

- samgöngur (milli landa og innanlands),
- gistingu og uppihald,
- rekstur og umsjón ferðamannastaða, og
- sértæka ferðaþjónustu og skipulagðar ferðir.

Fyrirtækin taka ákvarðanir um rekstur og fjárfestingar í fjármunum, mannauði og markaðsfærslu í samræmi við þau skilyrði sem þau búa við og þá framtíðarsýn sem þau hafa. Það eru fyrst og fremst fyrirtækin í ferðaþjónustunni og viðbrögð þeirra við eftirspurn eftir ferðaþjónustu sem móta þróun ferðaþjónustunnar.

2. Hið opinbera

Hið opinbera, rfki og sveitarfélög, setur fyrirtækjum í ferðaþjónustu rekstrarumgjörð. Einn hluti af henni eru lög, reglur, leyfi, takmarkanir, staðlar (þ. á m. gæðastaðlar), eftirlit og viðurlög, skattar og gjöld. Annar hluti er það sem nefna má opinbera innviði eins og vegi, brýr, flugvelli, flugstöðvar og hafnir. Einnig löggæslu, upplýsinga- og öryggisþjónustu og ekki skal gleyma heilbrigðisþjónustu við ferðamenn. Aðrir hlutar hinnar opinberu rekstrarumgjörðar ferðaþjónustunnar eru m.a. fjárhagsleg fyrirgreiðsla, lán og lánskjör, styrkir, menntun og þjálfun starfsfólks og tæknileg og sérfræðileg aðstoð.

Hagnýt rannsóknarverkefni í ferðaþjónustu hljóta að taka mið af þessari byggingu atvinnuvegarins. Þau eiga því að beinast að því annars vegar að finna leiðir til að:

1. bæta ákvarðanatöku og rekstur fyrirtækja í greininni, og hins vegar að
2. stuðla að bættri ákvarðanatöku stjórnvalda um opinbera rekstrarumgjörð ferðaþjónustunnar í landinu.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að hafa í huga að þróun í ferðaþjónustu er fyrst og fremst vegna ákvarðana fyrirtækja í ferðaþjónustunni sem mótast annars vegar af þeirri eftirspurn eftir ferðaþjónustu sem þau skynja og hins vegar þeim rekstrarskilyrðum sem þau búa við en veigamikill þáttur í þeim er sú rekstrarumgjörð sem opinberir aðilar setja ferðaþjónustunni.

Mikilvægt er að gagnaöflun og rannsóknarverkefni í ferðaþjónustu nýtist sem best. Ein leið til að greiða fyrir því að svo sé er að hafa samráð um þessi verkefni, hvort heldur sem er við fyrirtækin í greininni eða stjórnvöld. Tilvera ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir er þáttur í svona samráði. Það má enn styrkja með formlegum samráðsfundum og þarfagreiningu sem Ferðamálastofa hyggst beita sér fyrir í vaxandi mæli.

2.4 Fjármögnun – forgangsröðun

Rannsóknarverkefni þau sem rakin eru í þessari rannsóknaráætlun eru hönnuð til að leggja fræðilegan og faglegan grunn fyrir ákvörðunartöku fyrirtækja í ferðaþjónustu og stuðla þannig að eflingu ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku atvinnulífi og jafnframt styðja við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda í ferðamálam. Vönduð rannsóknarverkefni eru fjárfesting í framtíðarþróun ferðaþjónustunnar sem atvinnuvegs. Ferðaþjónustan, sem hefur margfaldast að umfangi undanfarinn áratug og tekið auk þess verulegum stakkaskiptum, kallar á vel skipulögð og víðfeðm rannsóknarverkefni. Þer rannsóknaráætlunin þess skýr merki og sem eðlilegt er þarf að kosta til svo afurðirnar verði í takt við mikilvægi verkefnanna.

Eins og nánar er rakið í kafla 3.2 í þessari skýrslu er áætlaður kostnaður við verkefni í rannsóknaráætluninni um 102 m.kr. á árinu 2024 og svipuð upphæð hvort áranna 2025 og 2026. Hin árlega upphæð er að raunvirði nær hin sama og í fyrri áætlun fyrir árin 2023-2025. Verði ný rannsóknarverkefni hafin á þessum síðari árum verða upphæðirnar að sama skapi hærri.

Hér er um áætlun að ræða. Hún er sæmilega áreiðanleg fyrir þau verkefni sem þegar hefur verið samið um en mun óvissari fyrir hin. Raunverulegur kostnaður við rannsóknarverkefni liggur hins vegar ekki fyrir fyrr en þeim er lokið.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 20/2020 kemur fram að verkefnum í rannsóknaráætlun skuli forgangsraða „með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar“. Í þessari rannsóknaráætlun hefur þessi forgangsröðun þegar farið fram með þeim hætti að ekki er gert ráð fyrir nýjum verkefnum og yfirstandandi verkefni hafa verið endurskoðuð með skynsamlega forgangsröðun og sem besta nýtingu takmarkaðs rannsóknarfjár í huga. Komi í ljós að fjárveitingar verði rýmri en gert er ráð fyrir hefur ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir sett fram allmargar hugmyndir að nýjum verkefnum sem vænleg þykja.

Komi á hinn bóginn í ljós að fjárveitingar nægi ekki fyrir þeim verkefnum sem þegar hefur verið í ráðist eða gert er ráð fyrir að í verði ráðist í þessari áætlun, getur reynst nauðsynlegt að endurskoða fram kvæmd þeirra. Þá þarf að forgangsraða enn frekar og verður það þá gert með hliðsjón af væntanlegri gagnsemi verkefnanna. Þar kemur fyrst og fremst eftirfarandi til álita (sjá viðauka 2):

1

Hagnýtt gildi verkefnanna, þ.e. hvernig verkefni styðja annars vegar við þróun og eflingu ferðaþjónustunnar og hins vegar við stefnumótun og markmið stjórnvalda, m.a. með tilliti til markmiða þeirra um sjálfbærni.

2

Kostnaðar-ábatahlutfall verkefnanna, þ.e. mat á kostnaði verkefnanna miðað við væntanlegt hagnýtt gildi þeirra.

3

Tengsl verkefnanna við jafnvægisás ferðamála, þ.e. með hvaða hætti verkefni styðja við hina ýmsu mælikvarða jafnvægisássins.

3. Verkefni 2024–2026

Í þessum kafla er fjallað um þau meginverkefni sem Ferðamálastofa var með í vinnslu á síðari hluta árs 2023 og ná inn á tímabil rannsóknaráætlunar fyrir árin 2024–2026. Sem fyrr segir er ekki gert ráð fyrir að auglýst verði ný verkefni til framkvæmda á árinu 2024. Hins vegar er búist við að þegar ný heildstæð fjármögnuð aðgerðaáætlun til 2030 um ferðaþjónustu verður kynnt á árinu 2024 verði yfirstandandi verkefni styrkt og ný verkefni sett á dagskrá á árinum 2025 og 2026 til samræmis.

Sum af þeim verkefnum sem eru í vinnslu eru ótímabundin í þeim skilningi að reiknað er með að þau verði hluti af reglulegri starfsemi Ferðamálastofu til frambúðar þótt á þeim kunni að verða einhverjar breytingar. Þetta á ekki hvað síst við um öflun, varðveislu, greiningu og miðlun grundvallargagna. Önnur verkefni eru tímabundin og ætlunin er að ljúka þeim með tiltekinni afurð eða afurðum sem nýtast munu bæði í starfi Ferðamálastofu og til að ná samfélagslegum markmiðum ferðaþjónustunnar. Rétt er að taka fram að þótt verkefni séu talin ótímabundin í eftirfarandi lýsingum er inntak þeirra og framkvæmd háð stöðugri endurskoðun og bæði framkvæmdaraðilar og samningar við þá endurskoðaðir þegar núverandi samningar renna út.

Í eftirfarandi lýsingum á verkefnum kemur fram mat á tímalengd verkefnanna og kostnaði. Rétt er að taka skýrt fram að þótt þetta mat byggist á þegar gerðum verksamningum og tilboðum er hér um áætlun að ræða. Hver raunveruleg tímalengd verkefnanna og endanlegur kostnaður við þau verður fer eftir framgangi þeirra.

3.1 Einstök verkefni: Lýsing

Verkefni 1 – Fjöldi ferðamanna

Til að meta fjölda ferðamanna til landsins fer fram viðamikil talning á brottförum frá flugvöllum. Jafnframt er fylgst með tölu farþega sem koma til landsins með skipum. Hér er um að ræða innlenda og erlenda ferðamenn, erlenda ríkisborgara sem búsettir eru á Íslandi sem og sjálfstengifarþega á Keflavíkurflugvelli. Ferðamálastofa skiptir erlendum ferðamönnum eftir þjóðerni. Ferðamálastofa heldur verkefninu áfram á árinu 2024 en skoðar jafnframt leiðir til þróunar þess með innleiðingu stafrænna lausna.

a. Brottfarir frá Keflavíkurflugvelli:

Ferðamálastofa safnar tölulegum upplýsingum um fjölda erlendra og innlendra brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli eftir þjóðerni og birtir reglulega sem eina af lykildreytunum í tölfræði atvinnugreinarinnar.

b. Brottfarir frá öðrum flugvöllum (Reykjavíkur-, Egilsstaða-, og Akureyrarflugvelli):

Ferðamálastofa fær upplýsingar frá Icelandair, Atlantic Airways og Isavia.

c. Fjöldi ferðamanna með Norröna á Seyðisfirði:

Ferðamálastofa fær gögn frá Smyril Line og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýnar ehf.

d. Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum:

Ferðamálastofa fær gögn frá Cruise Iceland og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýnar ehf.

Tímarammi: Ótímabundið.

Afurðir: Tölugögn um fjölda ferðamanna eftir helstu víddum (staður, þjóðerni o.s.frv.) til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Hagnýtt gildi: Um er að ræða grunnögn til að meta umfang og spurn eftir þjónustu við ferðamenn. Hagsmunaaðilar og notendur hagtalna um ferðaþjónustu telja brottfarir erlendra ferðamanna frá Keflavíkurflugvelli vera einn áreiðanlegasta mælikvarðann sem völ er á um þróun ferðaþjónustunnar. Kostir mælikvarðans umfram aðra mælikvarða (t.d. gistinætur) er að niðurstöður eru birtar fljótt og hann hefur reynst nákvæmari en aðrir mælikvarðar. Af þeim sökum er hann t.d. notaður í skammtímaspálíkani Seðlabankans um þjónustuútflytning og við gerð ársfjórðungslegrar þjóðhagsspár sem liggur til grundvallar vaxtaákvörðun Peningastefnunefndar. Hjá Hagstofu Íslands eru brottfarartalningar grundvallarbreyta í greiningum á innlendum þjóðarbúskap, sem og við mat á skammtímahagvísunum fyrir ferðaþjónustu. Tölurnar eru jafnframt notaðar við kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði og öðrum greinum vísindasamfélagsins. Þær eru grundvallarbreyta í greiningu á íslenskri ferðaþjónustu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Þá fá aðildarlönd ETC (European Travel Commission) aðgang að þessum gögnum.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Óbein. Brottfarartalning á Keflavíkurflugvelli er notuð við vigtun gagna sem safnast í ýmsum rannsóknnum. Hér má nefna landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands sem aflar gagna fyrir sjö mælikvarða jafnvægisáss ferðamála (sjá verkefni 2).

Miðlun: Tölur eru birtar hjá Ferðamálastofu í mælaborði ferðaþjónustunnar og í mánaðarlegri og árlegri útgáfu um fjölda ferðamanna. Gögnin er unnt að nálgast á vef Ferðamálastofu og mælaborði ferðaþjónustunnar til frekari vinnslu og greiningar.

Kostnaður umfram vinnu Ferðamálastofu: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður um 18 m.kr.

Verkefni 2 – Landamærarannsókn: Lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna

Ferðamálastofa hefur í samstarfi við Hagstofu Íslands staðið fyrir rannsókn meðal erlendra ferðamanna frá því í júní árið 2017 um veigamiklar hliðar á ferðalagi þeirra til Íslands. Gögnum er safnað árið um kring og er markmiðið að afla tölfræðilegra upplýsinga til að gefa skýra mynd af lýðfræði, atferli, upplifun og viðhorfum ferðamanna og útgjöldum þeirra hér á landi. Verkefnið byggir á fyrri könnunum sem Ferðamálastofa hefur gert meðal erlendra ferðamanna.

Hér er um mjög mikilvæga gagnaöflun að ræða fyrir ferðaþjónustuna og stjórnvöld ferðamála. Jafnframt er hún margþætt, vandasöm og dýr í framkvæmd. Verkefnið var endurskoðað og einfaldað á árinu 2022 í samræmi við ábendingar ráðgefandi nefndar og fimm ára reynslu sem þá var komin á framkvæmd þess. Niðurstöður landamærarannsóknarinnar nýtast við úrvinnslu margra annarra gagna sem Ferðamálastofa aflar.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Afurðir: Gögn um atferli ferðamanna, upplifun, viðhorf og útgjöld þeirra eru varðbeitt í gagnagrunni Ferðamálastofu og birt í mælaborði ferðaþjónustunnar. Niðurstöður hafa jafnframt verið birtar á skýrsluformi og í talnasamantektum.

Hagnýtt gildi: Þetta eru mikilvæg gögn til að átta sig á spurn eftir ferðaþjónustu á Íslandi, væntingum til Íslands sem áfangastaðar. Landamærarannsóknin mælir einnig ánægju ferðamanna með upplifun sína með mælingu á NPS meðmælaskori (Net Promoter Score). Kvarðinn getur gefið vísbendingar um framtíðarhorfur í eftirspurn. Gögn úr landamæarakönnun nýtast Hagstofu Íslands við þjóðhagsreikningagerð, mat á fjölda óskráðra gistinguáttanna, gerð ferðaþjónustureikninga (e. Tourism Satellite Accounts) og greiningu á útflutningstekjum. Jafnframt skapa gögnin grunn að greiningu Ferðamálastofu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða sem tengjast dreifingu ferðamanna um landið og upplifun þeirra (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a).

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Gagnaöflun fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum jafnvægisásins:

- Meðmælaskor (e. Net Promoter Score) (D.3.1.).
- Líkur á endurkomu (D.3.2.).
- Var ferðin peninganna virði (D.3.3.).
- Ánægja með fjölda annarra ferðamanna (D.3.4.).
- Eru væntingar ferðamanna uppfylltar (D.3.5.).
- Náttúruvernd; viðhorf erlendra ferðamanna gagnvart náttúruvernd á Íslandi (B.6.4.).
- Upplifun á náttúru; viðhorf erlendra ferðamanna til gæðaupplifunar í náttúrutengdri afþreyingu (B.6.5.).

Miðlun: Á vegum Ferðamálastofu eru helstu niðurstöður birtar og uppfærðar mánaðarlega í mælaborði ferðaþjónustunnar. Útgáfan *Ferðaþjónusta í tölum* (ISSN 2672-6394) birtir einnig uppfærðar niðurstöður um tilgang Íslandsferðar og dvalarlengd, meðmælaskor, heimsótt landsvæði og upplifun erlendra ferðamanna (2–3 bls. mánaðarleg (prentvæn) samantekt).

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 30 m.kr. á verðlagi í jan. 2024.

Viðbætur – ný undirverkefni: Ekki er talin ástæða til að skýrgreina ný undirverkefni.



Verkefni 3 – Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu

Meginmarkmið þessa verkefnis er að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á landsvísu og eftir einstökum landshlutum. Verkefnið var upphaflega unnið á vegum Ferðamálastofu 2014 og var síðan þáttur í reglubundinni gagnasöfnun 2017 og 2019. Í ljósi óstöðugleika í ferðaþjónustunni í kjölfar kóvíð og takmarkaðra fjárveitinga til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu var verkefnið ekki unnið 2020 og voru einungis mælikvarðar jafnvægisáss uppfærðir 2021 og 2022.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið. Framkvæmt á þriggja ára fresti að fullu en mælikvarðar í jafnvægisássi uppfærðir árlega.

Afurðir: Gögn um viðhorf heimamanna til ferðafólks og ferðaþjónustu til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Samanburður gerður á viðhorfum heimamanna milli ára og landshluta.

Hagnýtt gildi: Þetta eru mikilvæg gögn til að greina samfélagsleg áhrif af íslenskri ferðaþjónustu.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Gögn fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum jafnvægisáss ferðamála:

- Ánægja með fjölda ferðamanna (D.4.1).
- Ónæði af völdum ferðamanna í daglegu lífi (D.4.2).
- Hlutfall heimamanna sem forðast að heimsækja ákveðna fjölsóttu staði (D.4.2).
- Afstaða til efnahagslegs ávinnings samfélagsins af ferðaþjónustu (D.4.3).
- Afstaða til breytinga á íslensku samfélagi vegna ferða- þjónustunnar (D.4.4).
- Ástand gönguleiða; viðhorf Íslendinga til ástands gönguleiða í sinni heimabyggð (B.6.6.1).
- Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru; viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru (B.6.6.2).
- Aukinn aðgangur að náttúru; viðhorf Íslendinga til aukins aðgengis að náttúru vegna áhrifa ferðamanna (B.6.6.3).

Miðlun: Skýrslur eru kynntar og gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Verkefnið er ekki á dagskrá árið 2024, en kostnaður áætlaður er um 16 m.kr árið 2026. Kannanir er gerðar í sérhverjum landshluta.

Viðbætur - ný undirverkefni:

1. Verkefnið verður tengt við opinber markmið stjórnvalda þar sem metið verður hvort:
 - ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og auki lífsgæði heimamanna og
 - allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu.
 - Jafnframt verður viðhorf starfsmanna í ferðaþjónustu til atvinnugreinarinnar metið sérstaklega.
2. Stöðumat: Niðurstöður úr verkefninu verða nýttar í árlegu heildarstöðumati á íslenskri ferðaþjónustu og eftir landshlutum í ljósi opinberra markmiða fyrir atvinnugreinina til ársins 2030.

Verkefni 4 – Könnun á ferðahegðun Íslendinga

Frá og með árinu 2010 hefur Ferðamálastofa látið framkvæma kannanir í upphafi hvers árs meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og erlendis á nýliðnu ári og ferðaáform á komandi ári. Gerður var verksamningur við Gallup, um framkvæmd könnunarinnar á árinu 2024.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið. Framkvæmt í janúar ár hvert.

Afurðir: Gögn um ferðahegðun Íslendinga innanlands eru birt á vef Ferðamálastofu og vistuð í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Hagnýtt gildi: Um er að ræða mikilvæg gögn til að átta sig á spurn landsmanna eftir ferðaþjónustu hérlendis og erlendis og eftir landshlutum innanlands, sem og viðhorfum þeirra til Íslands til ferðalaga og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og væntanlegum ferðaútgjöldum Íslendinga hér á landi. Þessi gögn geta m.a. nýst við gerð ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands, við mat á tækifærum í innlendri ferðaþjónustu eftir landshlutum, gerð spákerfa um þróun ferðaþjónustunnar o.s.frv. Upplýsingarnar nýtast einnig við greiningu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Íslensk ferðamennska var ekki skilgreind sérstaklega við mótun hans. Hins vegar má ljóst vera að ferðalög íslendinga innanlands eru hluti af álagi á ferðamannastaði og nærsamfélög.

Miðlun: Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vefköflum.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 2 m.kr. á verðlagi í jan. 2024.

Viðbætur – ný undirverkefni: Ferðamálastofa mun endurskoða verkefnið eftir framkvæmd þess árið 2024 í kjölfar þess að Hagstofa Íslands hefur nýverið hafið birtingu niðurstaðna á eigin ferðavenjukönnun.

Verkefni 5 – Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum

Meginmarkmið verkefnisins er söfnun gagna um ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er m.a. um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld á dag. Könnunin hefur verið framkvæmd á 14 stöðum og myndar samfellda tímalínu á tveimur stöðum (Húsavík og Mývatnssveit) þar sem hún hefur verið framkvæmd árlega frá 2013 til 2019. Á árinu 2019 var könnunin endurtekin á fjórum stöðum (Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og Höfn), en síðan þá hefur verið hlé á verkefninu.

Á tímabili þessarar rannsóknaráætlunar verður verkefnið endurskoðað og aðlagð að útkomu og þörfum væntanlegrar aðgerðaáætlunar vegna ferðamálastefnu til 2030. Ef tilefni vinnst til verður undirbúningur hafinn á árinu 2024 fyrir rannsókn sem yrði framkvæmd á árinu 2025. Áætlað er að hægt væri að framkvæma rannsóknina á tveimur svæðum árlega ef forsendur verða fyrir hendi. Við þá vinnu yrði skilgreint val á þéttbýliskjörnum og fyrirlagningartíðni.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Afurðir: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í mælaborði ferðaþjónustunnar. Stuttar samantektir (ekki hefðbundnar skýrslur) með niðurstöðum könnunar á hverju svæði fyrir sig.

Hagnýtt gildi: Verkefnið tengist markmiðum stjórnvalda (2015–2020) um að safna tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015). Niðurstöður nýtast við skipulag bæjarfélaga og nærliggjandi áfangastaða við uppbyggingu innviða, undirbúning á móttöku ferðalanga og hugsanlega markaðssetningu.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Voru ekki skilgreind við mótun hans en þetta verkefni felur í sér vísbendingar um álag á ferðamannastaði og nærsamfélög.

Miðlun: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í mælaborði ferðaþjónustunnar. Niðurstöður kynntar opinberlega og samantektir gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 2 m.kr. á verðlagi í jan. 2024.

Viðbætur – ný undirverkefni: Engin.

Verkefni 6 – Dreifing ferðamanna um landið

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfangastöðum á Íslandi. Með nýrri tækni hefur nú orðið gjörbreyting á framkvæmd þessa verkefnis. Tiltölulega ódýrum, sjálfvirkum, nettengdum og viðhaldslitlum teljurum hefur verið komið upp á allmörgum stöðum á landinu. Þessir teljarar veita stafrænum gögnum inn í gagnagrunn Ferðamálastofu í rauntíma sem unnt er að birta að mestu sjálfvirk í mælaborði ferðaþjónustunnar. Haldið verður áfram að þróa verkefnið m.t.t. stafrænna lausna.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Afurðir: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í mælaborði ferðaþjónustunnar.

Hagnýtt gildi: Verkefnið nýtist fyrst og fremst við vöktun á umferð og álagi á viðkomandi talningarstöðum (yfir 40 staðir).

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Þessir mælikvarðar voru ekki tilgreindir við mótun jafnvægisássins en snerta álagsmat á öllum víddum hans.

Miðlun: Yfirfarin gögn til varðveislu og frekari greiningar hjá Ferðamálastofu. Niðurstöður talningar eru birtar í mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 4 m.kr. á verðlagi í jan. 2024.

Viðbætur – ný undirverkefni:

Gert er ráð fyrir að verkefnið og hagnýting þess verði endurskoðuð og aðlöguð að útkomu væntanlegrar aðgerðaáætlunar vegna ferðaþjónustustefnu til 2030.

Verkefni 7 – Greining á fjárhag og rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu

Fyrir ákvarðanatöku og stefnumörkun í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa haldgóðar upplýsingar sem næst rauntíma um umfang og afkomu í greininni. Ferðamálastofa leitast við að koma upplýsingum um fjárhag og rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu á framfæri eins fljótt og auðið er. Hefur stofnunin um margra ára skeið fengið sérfróða aðila til að vinna greiningu á þessu sviði þegar ársreikningar fyrirtækja í ferðaþjónustu liggja fyrir hvert ár. Verkefnið var sérstaklega umfangsmikið þegar Covid-19 faraldurinn skall á. Reyndist það þá mikilvægt gagn fyrir stjórnvöld og fyrirtæki til að móta varnarviðbrögð í greininni.

Ferðamálastofa mun, á tímabili þessarar rannsóknaráætlunar, sjá til þess að reglulegt framhald verði á greiningarvinnu og birtingu upplýsinga um rekstur, fjárhag og starfsskilyrði ferðaþjónustunnar, bæði með eigin athugunum og í samstarfi við aðra fagaðila.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Hagnýtt gildi: Varpar ljósi á stöðu og þróun atvinnuvegarins í heild og einstakra greina innan hans. Getur þjónað greiningu sem tengist efnahagslegum markmiðum stjórnvalda fyrir atvinnugreinina, s.s. hvað varðar bestu viðbrögð við áföllum, aukna framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni hennar. Einnig nýtist greining sem þessi einstökum ferðaþjónustufyrirtækjum og samtökum þeirra við stefnumótun og aðrar veigamikla ákvarðanatöku.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Þetta verkefni varpar ljósi á efnahagslegar víddir jafnvægisásins.

Miðlun: Helstu niðurstöður verða að jafnaði kynntar í opnum fyrirlestrum og skýrslum sem eru öllum aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Samantektarupplýsingar og helstu kennitölur rekstrar og fjárhags fyrirtækja og undirgreina ferðaþjónustu eru birtar í mælaborði ferðaþjónustunnar með gagnvirkum hætti fyrir notandann. Opinber gagnagrunnur, sem aðgengilegur er um mælaborðið, inniheldur rekstrar- og fjárhagsupplýsingar einstakra fyrirtækja í ferðaþjónustu frá og með árinu 2015 sem notandi getur hlaðið niður í Excel-skjal til eigin greiningar og vinnslu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 2 m.kr. á verðlagi í jan. 2024.

Viðbætur – ný undirverkefni:

Engin ný verkefni eru fyrirhuguð á tímabilinu.

Verkefni 8 – Gagnagrunnur ferðþjónustunnar

Skynsamleg stefnumörkun í ferðþjónustu hlýtur að byggjast á sem bestum gögnum um atvinnuvegin og tækifæri hans. Ferðamálastofa hefur lengi unnið að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðþjónustu. Talsverðum hluta af vinnutíma starfsfólks á rannsókn- og tölfræðisviði hefur verið varið í þetta verk. Árangurinn má m.a. sjá í vefsíðu sem sýnir landupplýsingar sem Ferðamálastofa hefur safnað um auðlindir íslenskrar ferðþjónustu sem og í mælaborði ferðþjónustunnar og undirliggjandi gagnasafni. Rétt er að fram komi að hluti af þessu verkefni eru kaup á gagnagrunnum (m.a. Infare; Benchmarking Alliance; OTA insight). Þróun, efling og viðhald gagnagrunns ferðþjónustunnar er frambúðarverkefni og reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa mun leitast við að efna til samvinnu við fyrirtæki í ferðþjónustu sem búa yfir umræddum gögnum um samnýtingu þeirra til að forðast tvíverknað að því marki sem viðskiptahagsmunir og persónuvernd leyfa.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Hagnýtt gildi: Um er að ræða grunngógn um ferðþjónustu. Þessi gögn eru nauðsynleg fyrir skynsamlega stefnumörkun, áætlanagerð, vörubrúun og stýringu. Verkefnið tengist markmiðum um að safna tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Óbein. Aflar frekari upplýsinga fyrir álagsmat.

Miðlun: Þessum gögnum verður komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og eftir atvikum í mælaborði ferðþjónustunnar.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 18 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 2024.

Viðbætur – ný undirverkefni: Á yfirstandandi rannsóknartímabili er fyrirhugað að gera endurbætur á gagnagrunni og mælaborði ferðþjónustunnar.

Verkefni 9 – Þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu:

Tæki til högg- og aðgerðagreininga og hagspáa

Verkefnið þetta hefur verið í vinnslu frá árinu 2020. Það snýst um að gera sérstakt þjóðhagslíkan (geiralíkan) fyrir ferðaþjónustu á Íslandi sem tengt er inn í fyrirbyggjandi þjóðhagslíkón (Seðlabankans/Hagstofunnar) fyrir hagkerfið í heild. Líkan þetta á að hafa alla venjulega getu þjóðhagslíkana, þ.á.m. til að:

- Meta áhrif ferðaþjónustunnar á efnahagslífið í heild (þ.e. þjóðhagsstærðir eins og VLF og atvinnustig).
- Meta áhrif annarra þátta efnahagslífsins á ferðaþjónustuna (t.d. gengis, verðlags atvinnustigs og skatta).
- Rekja þjóðhagsleg áhrif ytri breytinga (t.a.m. högga eins og COVID-19, brottfalls flugfélaga eða opunar stórra flugleiða) á ferðaþjónustuna og efnahagslífið í heild.
- Rekja áhrif opinberra aðgerða á ferðaþjónustu og efnahagslífið í heild þannig að unnt sé að velja þær opinberu aðgerðir sem líklegastar eru til að ná þeim markmiðum um ferðaþjónustu sem að er stefnt (t.d. uppbyggingu innviða, ný gjöld, auglýsingaherferð o.s.frv.).
- Spá fyrir um framlag ferðaþjónustunnar til efnahagslífsins og hagvaxtar í framtíðinni á grundvelli spáa um umsvif í ferðaþjónustu (fjöldi ferðamanna o.s.frv.).

Hér er um að ræða viðamikil verkefni fyrir ferðaþjónustuna og er talsvert tímafrekt í framkvæmd.

Fyrsta áfangi þessa verkefnis er nú á lokastigi er nú í faglegu matsferli.

Metið verður hvort framhald vinnu við þróun þjóðhagslíkans verði boðin út á síðari hluta ársins 2024 og hefjist á árinu 2025. Í þeirri vinnu yrði stuðlað að ýtarlegri þjóðhagslíkani og fjölbreyttari hermunaarmöguleikum, gert vandaðra mat á stuðlum líkansins. Enn fremur yrði þróuð sundurliðun ferðalíkans í ársfjórðunga, eftir undirgreinum ferðaþjónustunnar og landshlutum, farið í formlega greiningu á opinberri stýringu og hún innleidd í líkanið og einnig metin áhrif högga í samvinnu við fjármálaráðuneytið og samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu. Sérstaklega verður hugað að aðgengileika líkansins fyrir ferðaþjónustuna.

Tímarammi verkefnis: Tímarammi annars áfangi er um 1 ár komi hann til framkvæmda.

Afurðir:

- i. Fullbúið þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu, sundurliðað niður á ársfjórðunga og undirgreinar ferðaþjónustu.
- ii. Virk tenging þessa þjóðhagslíkans við þjóðhagslíkan fyrir hagkerfið í heild.
- iii. Fullbúið forritakerfi sem leyfir greiningu á áhrifum breytinga í ferðaþjónustu á helstu þjóðhagsstærðir og öfugt.
- iv. Einfaldar keyrslur líkans aðgengilegar á heimasíðu/mælaborði Ferðamálastofu.
- v. Ýtarlegar skýrslur um verkefnið og framgang þess.

Hagnýtt gildi: Veruleg vöntun hefur verið á þjóðhagslíkani (geirallíkani) fyrir ferðaþjónustu, einn stærsta grunnatvinnuveg þjóðarinnar, sem nota má í öllum þeim mikilvægu verkefnum sem lýst er að framan. Þjóðhagslíkanið og virk tenging þess við fyrirbyggjandi þjóðhagslíkón gefur stjórnvöldum og öðrum betri greiningar- og stýritæki til að hámarka arðsemi greinar- innar og þjóðarbúsins og bregðast við áföllum með skilvirkum hætti.

Tengsl við jafnvægisás ferðamála: Óbein. Stuðlar að dýpri skilningi á efnahagslegu gildi ferðaþjónustu og bættri opinberri ákvarðanatöku.

Miðlun: Skýrslur vegna þessa verkefnis eru aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Einfaldar keyrslur líkans verða aðgengilegar á heimasíðu/mælaborði Ferðamálastofu. Þá hafa verkþættir og áfangar verði kynntir á málstofum og upptökur af þeim eru aðgengilegar á vefsíðu Ferðamálastofu.

Kostnaður: Kostnaður vegna framhalds verkefnis er áætlaður um 10 m.kr. Kostnaður vegna vinnu við aukið aðgengi að líkaninu er metinn um 10 m.kr.

Verkefni 10 Hagnýtar verkefnishugmyndir

- (i) Hagkvæm opinber skipulagsumgjörð í ferðaþjónustu.
- (ii) Samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar við erlenda ferðaþjónustu og aðra innlenda atvinnuvegi
- (iii) Er ferðaþjónusta vænlegur hagvaxtarkostur?
- (iv) Hvernig má stuðla að sjálfbærni í ferðaþjónustu m.t.t. efnahags, samfélags, umhverfis og upplifunar ferðamanna?

3.2 Verkefni: Yfirlit

Eftirfarandi töflur veita yfirsýn yfir ofangreind verkefni. Fyrri taflan veitir yfirlit yfir áætlaðan kostnað verkefna og með hvaða hætti þau ná til helstu þjóðhaglegu markmiða ferðaþjónustunnar. Rétt er að ítreka það sem fram kom í upphafi þessa kafla að kostnað sem fram kemur í töflunni ber að skoða sem áætlun en ekki rauntölur. Síðari taflan veitir frekari sýn inn í viðfangsefni viðkomandi rannsóknarverkefna.

Verkefni		Árlegur kostnaður	Þjóðhagsleg markmið ferðaþjónustu		
Nr	Heiti		Efnahagur	Umhverfi	Samfélaga
1	Fjöldi komufarþega	18 m.kr.	Já	Já	Já
2	Landamærarannsókn	30 m.kr.	Já	Já	Já
3	Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu*	6 m.kr.		Já	Já
4	Ferðahegðun Íslendinga	2 m.kr.	Já	Já	Já
5	Ferðahegðun á áfangastöðum	2 m.kr.	Já	Já	Já
6	Dreifing ferðamanna um landið	4 m.kr.	Já	Já	Já
7	Fjárhagur og afkoma fyrirtækja	2 m.kr.	Já		
8	Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar	18 m.kr.	Já	Já	Já
9	Þjóðhagslíkan f. ferðaþjónustu	20 m.kr.	Já		Já
Samtals		102 m.kr.			

* Ath. að kostnaður við könnunina *Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu* er áætlaður um 16 m.kr. á tímabili rannsóknaráætlunarinnar miðað við verðlag í janúar 2024 og falli sá kostnaður að mestu til árið 2026.

Í kafla 2.2 var rannsóknarverkefnum skipt í 16 meginflokka eftir rannsóknarsviðum og viðfangsefnum. Eftirfarandi tafla freistar þess að gera grein fyrir því hvernig ofangreind rannsóknarverkefni falla í þessa flokka.

	<i>Viðfangsefni verkefna</i>	Mælingar	Greining	Endurbætur	Miðlun
I	Efnahagslegur ávinningur	1, 2, 8, 9	7, 8, 9,	4,5,6,7,8,9	Öll
II	Áhrif á umhverfisgæði	1, 2, 5, 6		4, 5, 6	Öll
III	Áhrif á samfélagið	1, 2, 3, 5, 6	5, 6, 9	4, 5, 6, 9	Öll
IV	Gagnagrunnur	1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8	8	8	Öll
Skýringar: Verkefnisnúmer í töflureitum.					



4. Framkvæmd verkefna

Eitt af hlutverkum Ferðamálastofu er að safna, greina og setja fram gögn til að styðja við skynsamlega ákvarðanatöku og markmiðasetningu í ferðaþjónustu (sjá t.d. 2. gr. reglugerðar 20/2020). Rannsóknarverkefnum þeim sem rakin eru í 3. kafla þessarar áætlunar er ætlað að þjóna þessu hlutverki. Það að skýrgreina viðeigandi rannsóknarverkefni er þó einungis fyrsta skrefið. Verkefnunum þarf einnig að koma í framkvæmd og niðurstöðunum þarf að koma á framfæri.

Til að gagnaöflun og rannsóknir komi að sem mestum notum þarf þrennt að koma til:

- 1 Skynsamlegt val verkefna.
- 2 Góð framkvæmd verkefna.
- 3 Skilvirk miðlun niðurstaðna.

Fyrsta atriðið er hin eiginlega rannsóknaráætlun, sem lýst er í kafla 3 hér að framan. Þar er meginatriðið að finna og skýrgreina gagnlegustu rannsóknarverkefni.

Annað þrepið er framkvæmd verkefnanna, þ.e. rannsóknirnar sjálfar. Þar eru vísindaleg gæði í víðum skilningi² höfuðatriðið. Auk þess má aldrei gleyma því að verkefni eiga einnig að vera hagnýt.

Þriðja þrepið er skilmerkileg miðlun niðurstaðnanna, annars vegar til þeirra sem geta nýtt þær nú þegar til ákvarðanatöku og stefnumörkunar og hins vegar sem viðbót við hinn sameiginlega þekkingarbanka sem getur orðið grundvöllur skynsamlegra ákvarðana og hagnýtra nota í ferðaþjónustu, sem og uppspretta nýrra spurninga og rannsókna.

Þessi þrjú þrep eru eins og hlekkir í sömu keðju. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Rannsóknarstarf kemur ekki að tilætluðum notum nema rannsóknarverkefni séu skynsamlega valin, þau séu vel framkvæmd og niðurstöðunum komið skilmerkilega á framfæri.

Ferðamálastofa, sem framkvæma skal rannsóknaráætlunina (skv. 5. gr. reglugerðar 20/2020), vinnur að því að móta verklag um framkvæmd rannsóknarverkefna og miðlun niðurstaðna. Talsvert hefur miðað áleiðis í þessu verki, en því er þó ekki að fullu lokið. Það sem hér fer á eftir er því ekki endanleg lýsing á verklagi en er ætlað að veita hugmynd um hvernig líklegt er að það verði.

²Á meðal þessara gæða eru áreiðanleiki, nýnæmi, gegnsæi og endurtakanleiki.

4.1 Framkvæmd verkefna

Sú framkvæmd rannsóknarverkefna sem snýr að Ferðamálastofu er nokkuð margþætt. Hún tekur m.a. til:

- I Lýsingar á verkefnum; þ.m.t. kröfulýsingar, framvindulýsingar og miðlunarlýsingar.
- II Leitar að hæfum rannsóknaraðilum.
- III Vals á rannsóknaraðilum.
- IV Gerðar samninga við rannsóknaraðila.
- V Umsjónar með framvindu rannsóknarverkefna.
- VI Gæðamats á verkefnum og afurðum þeirra.
- VII Fjárhagslegs uppgjors og endurskoðunar á reikningum.
- VIII Verkefnastjórnunar.

Þessir framkvæmdarþættir eru í eðli sínu talsvert viðamiklir, jafnvel þótt viðkomandi rannsóknarverkefni séu ekki stór. Mikilvægt er hins vegar að sníða stakk eftir vexti og gæta þess að vinna við þessa framkvæmd og þar með framkvæmdarkostnaður sé ekki úr hófi miðað við stærð og umfang verkefna. Þá er ekki síður mikilvægt að framkvæmdarferlið í heild sinni sé gagnsætt, ekki síst hvað snertir val á rannsóknaraðilum og mat á gæðum rannsókna.

(I) Lýsing verkefna

Afar mikilvægt er að skýrgreina verkefni vel. Í því felst að tiltaka þarf markmið þeirra með skýrum hætti og afurðir þeirra eins nákvæmlega og unnt er. Þá þarf tímarammi verkefnis að vera skýr sem og áfangar í átt að verkefnislokum. Ennfremur þarf að tilgreina kostnað og tengja greiðslur við það að verkefnisáföngum sé náð. Síðast en ekki síst þarf verkefnið að fela í sér verkþátt sem lýtur að því að stjórnvöld ferðamála og ferðaþjónusta geti nýtt sér afurðir verkefnisins eins og til er ætlast.

Þessi atriði eru dregin saman í verkefnislýsingu. Verkefnislýsing byggir á skýrgreiningu viðkomandi verkefnis í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu. Hún þarf hins vegar yfirleitt að vera talsvert ýtarlegri og nákvæmari. Einkum og sér í lagi þarf hún að fela í sér ýtarlega kröfufýsingu, þ.e. lýsingu á afurðum (gögnum, kerfum, líkönum, svörum við spurningum o.s.frv.) sem verkefninu er ætlað að mæta. Hún þarf einnig að fela í sér framvindulýsingu, þ.e. skýrgreinda áfanga, tímasetningar og verklok. Þá þarf verkefnislýsing einnig að fela í sér lýsingu á formi afurða, þar með talið miðlun niðurstaðna.

(II) Leit að hæfum rannsóknaraðilum

Fullbúin verkefnislýsing skapar forsendur fyrir leit að vænlegum rannsóknaraðilum. Mikilvægt er að finna hæfustu aðilana til að vinna hvert verkefni. Margar leiðir, misskilvirkar og misdýrar eru til í þessu skyni. Þeirra á meðal er að auglýsa eftir framkvæmdaraðilum, formleg útboð rannsóknarverkefna eða að leita beint til aðila sem góð reynsla er af. Fyrirfram er ekki unnt að útiloka neina af þessum leiðum. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir að verkefni verði auglýst og óskað eftir tilboðum í þau. Tilboðin þurfa að fela í sér bæði tæknilega og fjárhagslega útfærslu. Skynsamlegt er að Ferðamálastofa áskilji sér nægan sveigjanleika við mat á tilboðum, þ. á m. rétt til að hafna þeim öllum.

(III) Val á rannsóknaraðila

Nauðsynlegt er að vanda til vals á rannsóknaraðilum. Þar skipta meginmáli hæfni þeirra og væntanleg verk-gæði. Verkgæði felast annars vegar í vísindalegum gæðum afurðar og hins vegar í tímanlegum skilum verkþátta. Þau tilboð sem berast þarf að meta með tilliti til þessara atriða sem og verkkostnaðar. Að öðru jöfnu koma þau tilboð ein til álita sem mæta vísindalegum/tæknilegum kröfum. Að því tilskildu skiptir tilboðsupphæð einnig máli. Kemur þá til greina að ákvæða fyrirfram hlutfallslegt vægi vísindalegs gildis og tilboðsverðs. Séu verkefni umfangsmikil kann að vera rétt að Ferðamálastofa setji upp sérfræðihóp til að meta tilboð og raða þeim í gæðaröð.

(IV) Gerð samninga

Verksamningur skýrgreindir þær rannsóknarafurðir sem framleiða á, hvenær þær eiga að vera tilbúnar og fyrir hvaða verð. Því er mikilvægt að þessi samningur sé hæfilega ýtarlegur og lögfræðilega traustur. Hann þarf m.a. að fela í sér ákvæði um verkframvindu og eftirlit, greiðslur í samræmi við framvindu og mat á gæðum verksins þá lokið er.

(V) Umsjón með framvindu

Reynslan sýnir að þótt samningur hafi verið gerður við rannsóknaraðila er ekki víst að hann verði uppfylltur. Því er nauðsynlegt að fylgjast vel með framvindu verkefna og grípa í taumana ef þau virðast vera að fara afvega. Slík umsjón og réttur til afskipta hljóta eðli málsins samkvæmt að byggjast á ákvæðum í verksamningi og eru væntanlega tengd skýrgreindum áföngum verksins.

(VI) Gæðamat

Afar þýðingarmikið er að hafa öflugt gæðaeftirlit með rannsóknarverkefnum. Mikilvægast í því efni er að afurðir verkefnisins séu af fullnægjandi gæðum. Lítið gagn og jafnvel skaði er af verkefnum sem skila lélegum eða jafnvel rangvísandi niðurstöðum. Því er við verkskil nauðsynlegt að fara vandlega yfir afurðir verksins og kanna hvort þær uppfylli skilyrði verksamnings með tilliti til vísindalegra gæða. Slíkt mat krefst sérfræðipækkingar á viðkomandi sviðum og yrði best falið óháðum matsmönnum sem búa yfir umræddri þekkingu. Niðurstöður þeirra gætu verið á þann veg að (i) verkefnisskil séu fullnægjandi eða (ii) endurbóta sé þörf.

(VII) Fjárhagslegt uppgjör og endurskoðun á reikningum

Hluti af verkskilum er yfirlit um útgjöld verkefnisins. Þessi reikningsskil þarf að bera saman við útgjaldaáætlun í verksamningi.

(VIII) Verkefnastjórnun

Ofangreind atriði sýna mikilvægi þess að vel sé staðið að stjórnun og eftirliti með rannsóknarverkefnum af hálfu Ferðamálastofu. Góð verkefnastjórnun er viðamikilið starf og krefst undirstöðugóðrar þekkingar á rannsóknum almennt, auk sérfræði og reynslu í ferðamálum. Ýmsir starfsmenn á rannsóknarsviði Ferðamálastofu verja nú þegar talsverðum hluta af vinnutíma sínum í verkefnastjórnun. Því kemur vel til greina að Ferðamálastofa skýrgreini verkefnisstjórnun sem hlutastarf innan stofnunarinnar eða fullt starf ef umfang verkefna er nægilega mikið og hagi starfsmannahaldi og -ráðningum í samræmi við það.

4.2 Miðlun niðurstaðna

Miðlun rannsóknarniðurstaðna er ekki síður mikilvæg en rannsóknin sjálf. Miðlun niðurstaðna er ýmist hluti af verkefnislýsingu og því á ábyrgð framkvæmdaraðila að annast hana, á verkswiði Ferðamálastofu eða farsællega unnin í samvinnu þessara aðila.

Miðlun niðurstaðna getur átt sér stað með ýmsum hætti, m.a. með:

-
- I Vandlegri skýrslu um framkvæmd og niðurstöður verkefnis, sem birt er á heimasíðu, Facebook-síðu og/eða í fréttabréfi Ferðamálastofu. Einnig má benda á afurðirnar í spjallhópum ferðapjónustu á Facebook.

 - II Kynningarfundum, lokuðum og opinberum, með viðkomandi stjórnvöldum, hagsmunaaðilum í greininni og öðrum áhugasömum aðilum. Þessir fundir eru jafnan haldnir á tilteknum stað og samtímis sendir út á netinu, auk þess sem þá má gjarnan taka upp og birta á heimasíðu Ferðamálastofu.

 - III Ráðstefnum og/eða vinnustofum um verkefnið og niðurstöður þess.

 - IV Mælaborði ferðapjónustunnar, sem Ferðamálastofa hefur umsjón með. Þar yrðu einkum birtar upplýsingar sem gagnlegt er að notendur hafi gagnvirkan aðgang að til að geta skoðað þær frá mismunandi sjónarhornum og dýpt.

 - V Útgáfu vísindagreina, t.a.m. í tímaritinu *Ferðamál á norðurslóðum* sem er gefið út af Rannsóknarmiðstöð ferðamála. Sjá, www.arctictourism.is.
-

Öllum niðurstöðum rannsóknarverkefna verður væntanlega komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og margar gerðar aðgengilegar á mælaborði ferðapjónustunnar, sem og í vefsíðu Ferðamálastofu þegar fram vindur. Rannsóknarskýrslur verða gefnar út í ritröð Ferðamálastofu: *Ferðamálarannsóknir* ISSN 2547-8060.

Tilvísanir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir að ferðaþjónustu*. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/vegvisir-i-ferdathjonustu/>.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019a). *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030*. Sótt 14. maí 2020 af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s%20%C3%ADslenskrar%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B-3nustu%202030_Final_Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt1.pdf.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019b). *Jafnvægisás ferðamála*. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/jafnvægisas-ferdamala/>.

Coccosis, H, Mexa, A, & Collovini, A. (2002). Defining, measuring and evaluating carrying capacity in Euro- pean tourism destinations, final report B4-3040/2000/294577/MAR/D2. Material for a Document. Aþena: University of the Aegean, Department of Environmental Studies, Laboratory of Environmental Planning.

Ferðamálastofa. (2019). Ferðavenjur erlendra ferðamanna. Sótt 16. júní 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna>.

Ferðamálastofa. (2020). *Rannsóknaráætlun 2020–2022*. Ferðamálastofa. Reykjavík.

Ferðamálastofa. (2020b). *Rannsóknaráætlun 2021–2023*. Ferðamálastofa. Reykjavík.

Ferðamálastofa. (2023). *Rannsóknaráætlun 2023–2025*. Ferðamálastofa. Reykjavík.

Jónas Hlynur Hallgrímsson, Nathan Reigner, Ólafur Árnason, Ragnhildur Gunnarsdóttir, Ray Salter, Rob. P M. Kamsma, Sigurður Loftur Thorlacius, Tinna Húnbjörg Einarsdóttir, & Þorbjörg Sævarsdóttir. (2019). *Jafnvægisás ferðamála: Samantekt á niðurstöðum álagsmats. Drög til kynningar*. Reykjavík: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Stjórnstöð ferðamála.

Lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018.

Menningar og viðskiptaráðuneytið. (2023). Ferðaþjónustustefna til 2030. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdamalastefna/ferdathjonustustefna-til-2030/>

Reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020.

Þingskjal 758. (2011). Tillaga til þingsályktunar um Ferðamálaáætlun 2011–2020. Samantekt sótt 19. maí 2020 af vef Ferðamálastofu https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mars/ferdamalaaaetlun_2011_2020_uppsett.pdf.

Þórdís Kolbrún Reykjarörð Gylfadóttir. (2019). *Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar. Leiðandi í sjálfbærri þróun*. Kynning ráðherra og Eflu verkfræðistofu í september 2019. Sótt 19. maí 2020 af https://www.stjornar-radid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Kynning_R%C3%A1%C3%B-Oherra_Efla.pdf.

Viðauki 1

Reglugerð nr. 10/2020

Nr. 20

10. janúar 2020

REGLUGERÐ um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga, þ.m.t. gögn, gagna- greiningu og rannsóknir, sem Ferðamálastofa annast á grunni rannsóknaráætlunar.

2. gr.

Hlutverk Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa skal fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikil- vægrar og sjálfbærar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að sam- ræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna, á málefnasviði stofnunarinnar.

Ferðamálastofa skal meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, móta rannsóknaráætlun, sbr. 5. gr , og láta framkvæma rannsóknir samkvæmt rannsóknaráætlun í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, m.a. hvað varðar opinber innkaup. Vinna stofnunarinnar að gagnaöflun og rannsóknum skal styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda.

Ferðamálastofa skal miðla niðurstöðum á markvissan hátt.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Gagnagreining:* Nákvæm athugun, útvinnsla og túlkun á gögnum eða heimildum sem framkvæmd er til að skilja uppbyggingu, eðli og/eða samhengi.
- Gagnaöflun:* Skipuleg, og eftir atvikum reglubundin, söfnun gagna sem framkvæmd er í tengslum við greiningu, rannsókn eða skráningu upplýsinga. Að jafnaði skal miða við að gagnaöflun myndi óbrotna tímalínu á grunni þess sem áður hefur verið framkvæmt. Frumgagna er aflað með meindlegum (t.d. talningum eða könnunum) eða eigindlegum (t.d. viðtölum eða þátttökuathugunum) rannsóknaraðferðum. Afleiddra gagna er aflað á grunni útgefina eða óútgefina heimilda.

- c. *Gögn*: Skráðar upplýsingar sem skiptast í frumgögn og afleidd gögn. Frumgögn eru skráðar upplýsingar frá fyrstu hendi. Afleidd gögn eru gögn sem þegar er búið að skrá og eru tiltæk.
- d. *Jafnvægisás ferðamála*: Stjórn tæki til að meta reglulega áhrif ferðaþjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag íslensks samfélags á grunni skilgreindra sjálfbærnisvísa.
- e. *Mælaborð ferðaþjónustunnar*: Rafræn gagnaveita og upplýsingagátt Ferðamála- stofu þar sem hægt er að nálgast gögn og helstu niðurstöður greininga og rannsókna tengdar ferðaþjónustu sem birtar eru á aðgengilegan hátt.
- f. *Rannsókn*: Nákvæm og kerfisbundin athugun með vísindalegri aðferð sem hefur þann tilgang að skapa nýja eða frekari þekkingu á því sviði sem rannsakað er og framkvæmd er í þeim tilgangi að nýtast stjórnvöldum til tóku stefnumótandi ákvarðana á sviði ferðamála.
- g. *Rannsóknaráætlun*: Áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi.

4. gr.

Miðlun upplýsinga og greining gagna.

Ferðamálastofa skal miðla upplýsingum um helstu gögn og niðurstöður gagnagreininga og rannsókna á vegum stofnunarinnar eins fljótt og auðið er eftir eðli verkefna. Niðurstöður skulu nýttar til að varpa ljósi á stöðu og þróun ferðaþjónustunnar.

Ferðamálastofa skal gera meginleg gögn og helstu niðurstöður meginlegra rannsókna aðgengilegar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Ferðamálastofa skal jafnframt stuðla að því að fyrirbyggjandi upplýsingar frá öðrum hogaðilum sem snúa að ferðaþjónustu og hafa þýðingu fyrir þróun hennar séu birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*.

Ferðamálastofa skal setja fram áætlun um áframhaldandi þróun og framkvæmd *Mælaborðs ferðaþjónustunnar*, m.a. með hliðsjón af gildandi rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal setja fram birtingaráætlun árlega. Hana skal uppfæra reglulega í tengslum við framgang verkefna.

5.gr.

Rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni *Jafnvægisás ferðamála* og stefnumótunar stjórnvalda. Rannsóknaráætlun skal einnig taka mið af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni til gagnaöflunar og rannsókna. Áætlunin skal unnin til þriggja ára í senn og endurskoðuð árlega eða oftar ef nauðsyn krefur. Við mótun rannsóknaráætlunar skal Ferðamálastofa:

- a. Stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu.
- b. Greina og meta hvaða gagna skuli aflað og í hvaða rannsóknir þurfi að ráðast sem styðja við stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu og áframhaldandi þróun og viðhald *Jafnvægisás ferðamála*, meta umfang verks og áætla kostnað.
- c. Forgangsraða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar fyrir málaflokkinn og gæta jafnvægis milli hinna þriggja þátta sjálfbærni, þ.e. efna- hagslegra þátta, umhverfislegra þátta og samfélagslegra þátta, þannig að við gagnaöflun og rannsóknir sem nýtast við ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnvalda sé horft til allra

þáttanna. Í rannsóknaráætlun skal tilgreina viðfangsefni, tilgang, umfang, hagnýtt gildi og tímasetningu sérhvers verkefnis.

- d. Birta hugtakalista á heimasíðu Ferðamálastofu með helstu hugtökum sem tengjast rannsóknum á ferðamálum.

6.gr.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir.

Ferðamálastofa skal kalla saman ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu.

Í nefndinni skulu eiga sæti, auk eins fulltrúa stofnunarinnar, sem stýrir starfi nefndarinnar, tveir fulltrúar háskóla sem sinna kennslu og rannsóknum á sviði ferðamálafræði sem tilnefndir eru af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn fulltrúi sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál og einn fulltrúi sem tilnefndur er af Samtökum ferðaþjónustunnar. Fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með ferðamál skal jafnframt eiga sæti í nefndinni.

Niðurstöður nefndarinnar skulu lagðar til grundvallar við mótun rannsóknar- áætlunar. Nefndin skal setja sér starfsreglur. Nefndin getur, eftir því sem þörf er á, kallað eftir mati sérfróðra aðila um áherslur rannsóknaráætlunar. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist af Ferðamálastofu sem tryggir henni jafnframt viðunandi starfsaðstöðu.

Samráð og gildistaka rannsóknaráætlunar.

Drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu skulu birt í samráðsgátt stjórnvalda. Að loknu samráði gerir stofnunin tillögu að rannsóknaráætlun til ráðherra.

Samþykkt rannsóknaráætlun skal birt á vefsíðu Ferðamálastofu.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. janúar 2020.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfud : 17. janúar 2020

Viðauki 2

Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2024-2026

Arnar Már Ólafsson
Geirsgata 9
101 Reykjavík

Efni: Ráðgjöf vegna rannsóknaráætlunar 2024-26

20.9.2023

Virðulegi ferðamálastjóri

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur lokið umfjöllun sinni um verkefni fyrir rannsóknaráætlun árána 2024-26. Nefndi fjallaði um þessa ráðgjöf sína á þremur fundum á tímabilinu 9. maí til 20. september 2023. Auk hinna formlegu funda gengu drög að ráðgjöf nefndarinnar milli nefndarmanna til breytinga og athugasemda fram í september.

Ráðgjöf nefndarinnar er sett fram í meðfylgjandi skjölum:

1. Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2024-26
2. Fundargerðir fyrir 20. til 23. fund nefndarinnar.

Ráðgjöf nefndarinnar kemur að þessu sinni fram nálægt sex vikum síðar en á síðasta ári. Hins vegar er nú ekki gerð tillaga um ný verkefni eða verulega breytingu á framkvæmd yfirstandandi verkefna. Nefndin telur því að með því að leggja fram þessa ráðgjöf nú hafi henni tekist að setja hana fram nægilega tímanlega til þess að Ferðamálastofu gefist ráðrúm að ganga frá og auglýsa rannsóknaráætlun fyrir næstu þrjú ár fyrir áramót þannig að niðurstaða um framkvæmd verkefna geti legið fyrir áður en rannsóknartímabil hefst.

Fyrir hönd Ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir.


Ragnar Arnason

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu

Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2024-26

Eftirfarandi ráðgjöf skiptist í fjóra hluta: I. forsendur ráðgjafarinnar; II. ráðgjöf um verkefni í vinnslu; III. hugmyndir um ný verkefni; og IV. önnur atriði sem nefndin vill koma á framfæri.

I. Forsendur ráðgjafar

Fyrir liggur að rannsóknarfé til FMS á árinu 2023 var því sem næst óbreytt að krónutölu frá árinu 2021 þrátt fyrir talsverða hækkun á rannsóknarkostnaði. Laun eru langstærsti þáttur rannsóknarkostnaðar. Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 19,8% frá júní 2021 til júní 2023. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs um 18,5%. Raunvirði rannsóknarfjár lækkaði því um nálægt 1/6 milli árána 2021 og 2023.

Á árinu 2022 voru ellefu rannsóknar- og gagnaöflunarverkefni í vinnslu og tíu á árinu 2023. Nærri lætur að ofangreind raunlækkun rannsóknarfjár nemi hátt í tveimur rannsóknarverkefnum af meðalstærð. Afleiðingin er sú að þrátt fyrir verulega hagræðingu og sparnað í gagnaöflun hefur FMS neyðst til að draga úr rannsóknarumfangi sínu.

Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir eru ekki horfur á að rannsóknarfé til FMS hækki umtalsvert á árinu 2024 miðað við það sem nú er. Þvert á móti benda fyrstu vísbendingar um fjárveitingar til gagnaöflunar og rannsókna á árinu 2024 til þess að þær kunni enn að verða óbreyttar í krónutölu. Fari svo munu þær enn lækka um raungildi á því ári. Hvað verður í þessu efni mun ekki liggja ljóst fyrir fyrr en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2024.

Hvað fjárveitingu til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu snertir sér hin ráðgefandi nefnd ástæðu til að vekja athygli á fernu:

1. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er miklu minna fé bæði í krónutölu og miðað við framlag til vergrar landsframleiðslu varið til rannsókna í ferðaþjónustu en í öðrum grunnatvinnuvegum landsmanna, þ.m.t. sjávarútvegi, orkuframleiðslu og landbúnaði. Afleiðingin er óhjákvæmilega veikari þekkingargrundvöllur og þar með næstum örugglega lakari ákvörðunartaka bæði um skipulag og umgjörð ferðaþjónustunnar og einstakar framkvæmdir innan hennar en ella.
2. Miðað við umfang ferðaþjónustu getur lítilsháttar bætt ákvörðunartaka skilað háum fjárhæðum í þjóðarþúfið og langt umfram þær fjárhæðir sem nú er varið til rannsókna í greininni. Það er því enginn vafi á því að skynsamlega útfærð rannsóknaráætlun í ferðaþjónustu getur verið afar hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði.
3. Ferðaþjónustan í núverandi mynd er ung atvinnugrein. Mikið vantar upp á að hún hafi fundið sér það skipulag og farveg sem hagkvæmast er. Því er fjöldi aðkallandi hagnýtra rannsóknarverkefna fyrir hendi í greininni sem ekki hefur verið sinnt til þessa. Ráðgjafarnefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur bent á ýmis af þessum verkefnum í fyrri ráðgjöf sinni. Vegna skorts á rannsóknarfé hefur hins vegar ekki verið unnt að ráðast í þau.
4. Mikill uppgangur var í ferðaþjónustu á árinu 2022 eftir lögð vegna Covid-heimsfaraldursins. Þessi vöxtur hefur haldið áfram á árinu 2023. Flest bendir til þess að á þessu og næsta ári verði umfang ferðaþjónustunnar og framlag hennar til vergrar landsframleiðslu meira en nokkru sinni fyrr. Við þær aðstæður skiptir sterkur þekkingargrundvöllur og skynsamleg ákvörðunartaka í greininni enn meira máli en áður. Það skýtur því skökku við, svo ekki sé meira sagt, að auka ekki framlag til rannsókna í greininni að minnsta kosti að sama skapi.

Þótt ráðgjafarnefndin geri sér vonir um að fjárveitingar til rannsókna verði verulega auknar á árinu 2024 og næstu árum, telur hún sér ekki fært að gera ráð fyrir því að svo verði í þessari rannsóknaráætlun. Hún miðast því fyrst og fremst við það rannsóknarfé sem nú eru horfur á að verði fyrir hendi á komandi árum. Því hefur starf

nefndarinnar að þessu sinni einkum beinst að yfirstandandi verkefnum og hvort og þá hvernig þau megi bæta. Hefur nefndin í því efni notið aðstoðar þeirra starfsmanna FMS sem hafa umsjón með viðkomandi verkefnum.

Sem fyrr getur hefur nefndin á hinn bóginn ýmsar hugmyndir um ný gagnleg rannsóknarverkefni. Hefur slíkum hugmyndum verið komið á framfæri í fyrri ráðgjöf nefndarinnar og er enn haldið til haga í þessari ráðgjöf. Ef til þess kemur síðar á þessu ári eða á árinu 2024 að FMS telji sig hafa fjárhagslegt svigrúm fyrir ný rannsóknarverkefni er með tiltölulega skömmum fyrirvara unnt að útfæra þessi verkefni nánar þannig að unnt sé að auglýsa eftir rannsakendum til að framkvæma þau.

II. Ráðgjöf um verkefni í vinnslu

Níu talsvert viðamikil rannsóknar- og gagnaöflunarverkefni standa nú yfir. Átta af hinum níu verkefnum eru svokölluð varanleg gagnaöflunar- og miðlunarverkefni. Níunda verkefnið, þjóðhagslíkan fyrir ferðapjónustu er tímabundið. Gert er ráð fyrir að umsömdum fyrsta áfanga þess verði skilað um áramótin 2023/2024 og ekki hefur verið samið um síðari áfanga þess.

Nefndin mælir með að öllum hinum varanlegu verkefnum verði framhaldið á tímabilinu 2024-26 með þeim lagfæringum og endurbótum sem stungið er upp á hér að neðan (skáletraður texti) og/eða FMS telur viðeigandi.

Þar sem fjárveiting til gagnaöflunar og rannsókna hefur verið svo takmörkuð síðan 2021 að ekki hefur verið fjárhagslegt rúm til að efna til nýrra verkefna hefur nefndin varið stærstum hluta af starfstíma sínum í að rýna þau verkefni sem eru í vinnslu með það í huga að bæta þau. Meðal annars hefur nefndin reynt að átta sig á því hvort þau langvarandi verkefni sem verið hafa í vinnslu þjóni enn þeim tilgangi sem þau áttu að gera í upphafi, hvort ástæða sé til að endurhanna þau eða jafnvel leggja niður og hvort bæta megi framkvæmd þeirra. M.a. vegna þessara hugmynda nefndarinnar hafa sum af þessum verkefnum verið endurskoðuð af starfsfólki FMS og framkvæmd þeirra bætt. Þó eru enn nokkur verkefni og þættir í verkefnum sem ástæða er til að skoða nánar að áliti nefndarinnar og eru ábendingar þess efnis raktar hér að neðan.

Fyrsta áfanga í verkefni 11, *aðlögunarhæfni og seigla í ferðapjónustu*¹ er nú lokið. Þetta er eitt af þremur nýjum rannsóknarverkefnum sem hrundið var af stað í upphafi árs 2021. Sérstakt tilefni þess var áfallið í ferðapjónustu vegna Covid-faraldursins. Enda þótt í gildandi rannsóknaráætlun hafi verið gert ráð fyrir frekari áföngum í því verkefni hefur skortur á rannsóknarfé komið í veg fyrir að því hafi verið haldið áfram.

Verkefni 10, *spár um umsvif í ferðapjónustu* fór af stað árið 2020. Lokaskýrslu var skilað í ársbyrjun 2023. Í framhaldinu var ábendingum utanaðkomandi matsaðila komið til verktaka. Unnið er að samantekt og frágangi verkefnisins.

Nefndin telur að vel og skipulega hafi verið staðið að verki varðandi þessi verkefni. Verklýsingar voru skýrar. Verkefnin voru auglýst. Umsóknir voru metnar með aðstoð utanaðkomandi faglegra aðila. Verkefnin eru tímabundin og verksamningar gera ráð fyrir skýrum áföngum. Sérstakur umsjónarmaður þessara verkefna af hálfu FMS var tilnefndur og niðurstöður voru skipulega kynntar.

Þessum ágætu upphafsskrefum til viðbótar leggur nefndin áherslu á að:

- (i) Mat á lokafurðum þessara verkefna verði faglegt og framkvæmt af ytri matsmönnum eftir því sem tók eru á. Sé rannsóknarfé ónógt til að framkvæma þetta ytra mat, telur nefndin að til greina komi að ytri matsmenn verði aðeins kallaðir til þar sem verktakar (framkvæmdaaðilar rannsóknarverkefna) og verkkaupi (FMS) eru ósammála.
- (ii) Vandlega verði staðið að kynningu og útgáfustarfsemi í tengslum við þessi verkefni.

Nefndin telur að stefna skuli að ofangreindum vinnubrögðum við önnur þau verkefni sem í vinnslu eru þótt þau teljist langvarandi eða varanleg. Tækifæri til þess gefst þegar gildandi verksamningar um þessi verkefni sem allir eru tímabundnir renna út.

¹ Orðið seigla mun vera viðtekin þýðing á enska hugtakinu resilience í félagsvísindum.

II.1 Almennar ábendingar um gagnaöflun:

1. Skilvirkni og hagkvæmni

Gagnaöflunarverkefni á vegum FMS eru, e.t.v. eðli málsins samkvæmt mörg. Þau eru dýr í framkvæmd. Þau leitast við að afla upplýsinga um umfang ferðaþjónustu og atferli ferðamanna. Til þessa er iðulega beitt óbeinum og stundum að því er virðist óskilvirkum aðferðum. Þá getur áreiðanleiki niðurstaðnanna verið óljós og mat á honum er iðulega ekki fyrir hendi. Afar mikilvægt er að úr þessu verði bætt með stöðugri leit að og þróun skilvirkari og áreiðanlegri aðferða og að viðeigandi tölfræðilegt mat á áreiðanleika (líkindadreifing og óvissubíl) niðurstaðna fylgi punktmatinu.

Mörg lykiloggn um atferli ferðamanna verða til og eru til staðar hjá aðilum sem þjóna ferðamönnum (flutningaáðilum, gististöðum, bókunaraðilum, greiðslumiðlurum (kreditkort), landamæraeftirliti, heilbrigðiseftirliti (Covid), símafyrirtækjum, flugvöllum o.s.frv.). Til að ná skilvirkni í þessari gagnaöflun FMS og annarra aðila (t.d. Hagstofunnar) er afar æskilegt að nýta þau gögn sem ofangreindir aðilar hafa nú þegar á rafrænu formi. Þetta hefur ráðgjafarnefndin rætt á mörgum fundum sínum frá upphafi. Meðal leiða til að bæta úr þessu er að ráðherra (hugsanlega í samvinnu við önnur ráðuneyti) skipi nefnd (-ir)/starfshóp (-a) til að íhuga og gera tillögu um lausn þessara mála. Þessi nefnd (eða nefndir) þyrfti skýrt erindisbréf og vera í stöðu til að semja drög að nauðsynlegum reglugerðum og lagabreytingum.

2. Heildstætt samhæft upplýsingakerfi í ferðaþjónustu

Forsenda þess að skilja þjóðhagslegt gildi ferðaþjónustunnar er að til sé sæmilega áreiðanlegt mat á beinu framlagi greinarinnar til þjóðarframleiðslu og hinna ýmsu mælikvarða hennar (þjóðartekna, landsframleiðslu o.s.frv.). Svona mat er ekki auðvelt m.a. vegna þess að ferðaþjónusta er gjarnan hluti af annarri starfsemi svo sem veitingarekstri, flutningastarfsemi og verslun sem aðrir en ferðmenn nýta. Á vegum Sameinuðu þjóðanna (sjá t.d. heimasíður UNWTO (United Nations World Trade Organization) og OECD (Efnahags og Framfarastofnunarinnar) hefur verið þróuð aðferðafræði í þessu skyni sem kallast á ensku „Tourism Satellite Accounts“ og nefndir hafa verið ferðaþjónustureikningar á íslensku.

Umræddir ferðaþjónustureikningar eru raunar hluti af heildstæðara upplýsingakerfi um ferðaþjónustu sem UNWTO hefur einnig þróað (UN 2010). Tekur það upplýsingakerfi t.a.m. til (i) mælinga á umfangi ferðaþjónustunnar þar á meðal fjölda ferðamanna, eyðslu þeirra, veltu og atvinnu í ferðaþjónustu, (ii) tegunda (eða vöruflokka) ferðaþjónustunnar og ferðahegðunar ferðamanna auk (iii) ferðaþjónustureikninganna sjálfra. Þetta upplýsingakerfi felur í sér staðla og viðmiðanir sem mikilvægt er að sé einnig beitt hér á landi, eftir því sem við á, m.a. til þess að gera hin innlendu gögn samanburðarhæfari við þau erlendu.

Ráðgjafarnefndin telur mikilvægt að innlend gagnaöflun á sviði ferðaþjónustunnar taki, eftir því sem við á, mið af ofangreindri alþjóðlegri aðferðafræði á þessu sviði. Það hefur ýmsa kosti. Sem fyrr getur, gerir það innlend gögn í ferðaþjónustu samanburðarhæfari við erlend gögn. Einnig er með þessum hætti e.t.v. unnt að nýta alþjóðlegar lausnir á vissum gagnaöflunarvandamálum sem glímt er við hér á landi.

Ráðgjafarnefndin telur það mikilvægt skref fram á við að ANR og nú MVR hafi gert samning við Hagstofu Íslands um gerð ferðaþjónustureikninga fyrir íslenska ferðaþjónustu. Sú vinna er þegar komin áleiðis og farin að skila gagnlegum niðurstöðum. Nefndin telur mikilvægt að þessi vinna verði varanlegur þáttur í þjóðhagsreikningagerðinni. Ef til vill væri eðlilegast að ferðaþjónustureikningar yrðu formlega skýrgreindir sem fast verkefni Hagstofunnar.

II.2 Gagnaöflunarverkefni í vinnslu

Gagnaöflunarverkefnum í vinnslu er rækilega lýst í fyrri rannsóknaráætlunum FMS (sjá einkum rannsóknaráætlun 2020-22) og ekki ástæða til að endurtaka þá lýsingu hér. Hér er því fyrst og fremst komið á framfæri ábendingum varðandi þessi verkefni, inntak og framkvæmd þeirra sem komið hafa fram í starfi nefndarinnar.

Verkefni 1 Fjöldi ferðamanna

Hér er um að ræða talningu á fjölda ferðamanna bæði þeim sem koma/fara með flugi um millilandaflugvelli

landsins og þeim sem koma sjóleiðis með áætlunarsiglingum og skemmtiferðarskipum og skiptingu þeirra eftir þjóðerni. Niðurstöðunum er miðlað m.a. með hjálp Mælaborðs ferðapjónustunnar hjá FMS. Þessar talingar eru grundvallarþáttur í tölfræði ferðapjónustunnar og varanlegt verkefni.

FMS hefur gert verulegar endurbætur á þessari gagnaöflun. M.a. hefur mikið áunnist í því að greina á milli eiginlegra ferðamanna sem koma í flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. þeirra sem koma til Íslands sér til skemmtunar (frí), til að sækja fundi eða ráðstefnur, í viðskiptaerindum o.s.frv. og hinna, þ.e. sjálfteingifarþega og erlends vinnuafns sem er að koma til landsins. Þessi sundurliðun er gerð með hjálp upplýsinga úr verkefni 2, landamærakönnunar. Þessi sundurliðun er mánaðarleg og nær nú aftur til júlí 2017.

Í nefndinni kom fram almenn ánægja með þessar endurbætur. Nefndarmenn töldu einnig að viðhalda ætti öllum fyrri röðum en bæta við hinum nýju með viðeigandi útskýringum (neðanmáls). Aukaatriði væri þótt sundurliðuðu tölurnar kæmu fram einhverjum dögum/vikum eftir heildartölurnar. Þá var á það bent að talsvert væri um að farþegar með skemmtiferðaskipum endi ferðina hér á landi og fljúgi heim um Keflavík

Nefndin ítrekar hins vegar það sem fram hefur komið í ráðgjöf liðinna ára að upplýsingar um fjölda farþega til og frá landinu og þjóðerni þeirra eru til í fórum ýmissa aðila (þ.á m. flutningsaðila og löggæsluaðila). Því væri bæði unnt að fá áreiðanlegri gögn og spara fé ef unnt væri að nýta þessar upplýsingar. Þetta tengist almennri ráðgjöf um hagsýni í gagnaöflun sem um er fjallað hér að ofan (kaflí II.1.1).

Verkefni 2 Landamærakönnun: Lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna

Um er að ræða könnun meðal erlendra ferðamanna sem hófst í júní árið 2017 í samstarfi við Hagstofu Íslands. Gögnum er safnað allt árið um kring og er markmiðið að afla tölfræðilegra upplýsinga til að gefa skýra mynd af atferli, upplifun og viðhorfum ferðamanna. Annars vegar er um að ræða flugvallakönnun sem er framkvæmd á Keflavíkflugvelli en þar er m.a. spurt um bakgrunn svarenda, tilgang ferðar, dvalarlengd, gistimáta, útgjöld og ánægju með Íslandsferðina. Þennan hluta könnunarinnar hannaði Hagstofan í upphafi. Hins vegar er netkönnun sem nær til svarenda sem á fyrri þrepi hafa gefið samþykki fyrir frekari þátttöku. Þar er spurt nánar út í Íslandsferðina; aðdragandann að ferð, ferðahegðun og viðhorf til ýmissa þátta ferðapjónustunnar. Þennan hluta könnunarinnar hannaði FMS.

Verkefnið var upphaflega (árið 2017) boðið út á EES-svæðinu og samið við verktakann Epinion, sem er þekkt alþjóðlegt fyrirtæki á þessu sviði. Þessi samningur rann út á árinu 2021. Í framhaldinu hefur verkefnið verið endurskotið frá grunni m.a. í samræmi við ábendingar ráðgjafarnefndarinnar og með samráði við Hagstofuna. Könnunin hefur verið gerð einfaldari; Hún er nú í tveimur hlutum en ekki þremur eins og áður. Netkönnun hefur verið felld niður. Spurningum í hlutum A og B hefur verið fækkað og framkvæmd gerð skýrari og staðlaðri. Þá er stefnt að svörum frá 1000 handahófsvöldum ferðamönnum í hverjum mánuði. Allt er þetta í ljósi reynslunnar af fyrri könnun.

Fyrirtækið Epinion var valið eftir útboð til að framkvæma könnunina og skila hrágögnum. Umsaminn kostnaður er 22 m. kr. á ári sem er mikil lækkun á kostnaði frá því sem áður var (um 40 m. kr. á ári). Fyrirtækið MMR hefur verið ráðið til að vinna úr hrágögnunum og afhenda niðurstöður á skipulögðu og greindu formi. Sá samningur hljóðar upp á u.þ.b. 1 m. kr. á ári.

Rannsóknarnefndin lýsir ánægju með þessar breytingar. Þær eru í samræmi við ábendingar hennar frá fyrri ári og virðast hafa orðið til þess að betri gögn fást nú með minni tilkostnaði. Nefndin vill þó benda á (i) að e.t.v. gæti verið gagnlegt að framkvæma netkönnun (sem nú hefur verið felld niður) á nokkurra ára fresti og (ii) ástæða sé til að efast um að sú aðferð að safna viðmælendum við brottfararhlið muni leiða til handahófskennds úrtak.

Hjá nefndinni komu fram enn og aftur spurningar um tölfræðilega aðferðafræði varðandi bæði verkefni 1 og 2 og þar með áreiðanleika þeirra gagna sem aflað væri, ekki síst í netkönnunum. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á þessa hlið málsins bæði í verklýsingum til verktaka og, eftir atvikum, með því að leita þjónustu hæfs tölfræðings til að meta þessa hlið málsins og gera tillögur um bættu aðferðafræði og þar með aukin gæði þeirra gagna sem aflað er.

Verkefni 3 Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðapjónustu

Meginmarkmið verkefnisins er að meta viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamanna bæði á landsvísu en einnig eftir einstaka landshlutum. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum

þéttbýlisstöðum. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisásas ferðaþjónustunnar sem gerir ráð fyrir að verkefnið sé framkvæmt á landsvísu ár hvert. Vegna áhrifa Covid var verkefnið ekki framkvæmt á árinu 2020. Vegna sérstakra tilmæla ráðuneytisins var það framkvæmt í nokkuð smærri mynd á árinu 2021 þrátt fyrir tiltölulega litla erlenda ferðamennsku á því ári vegna Covid-heimsfaraldursins.

Skiptar skoðanir eru í ráðgjafarnefndinni um hvort rétt sé að halda þessu verkefni áfram. Nefndin er raunar sammála um að vel unnar kannanir af þessu tagi gætu verið gagnlegar. Hluti nefndarinnar telur hins vegar að upplýsingar um þessi viðhorf séu nokkuð fjarlæg ferðaþjónustu sem atvinnuvegi enda hafi ekki verið talin ástæða til að framkvæma hliðstæðar athuganir á viðhorfum til annarrar atvinnustarfsemi á landinu. Því sé skynsamlegra að nota það rannsóknarfé sem annars færi í þessar athuganir í rannsóknarverkefni sem meira og beinna hagnýtt gildi hafi fyrir ferðaþjónustu í landinu. Annar hluti nefndarinnar telur hins vegar að þessi könnun sé mjög mikilvæg og hún eigi því að hafa forgang umfram aðra gangaöflun og rannsóknir sem til greina koma. Bendir hann á að leiðarljós ferðaþjónustunnar sem í gildi er samanstandi af þremur víddum, efnahagi, samfélagi og náttúru sem allar vega jafnt, einnig við gagnaöflun en nokkuð hefur hallað á samfélag og náttúru fram til þessa. Könnunin sem hér um ræðir sé lykilkönnun sem vakti viðhorf heimamanna í samræmi við samfélagslega vídd leiðarljóssins. Kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu veiti stjórnvöldum enn fremur mikilvægar upplýsingar er varðar uppbyggingu nauðsynlegra innviða svo greinin starfi í sátt við samfélagið, skipulagsmál á ferðamannastöðum o.fl. Kannanir af þessum toga hafi verið unnar síðastliðin ár og því um að ræða samfellu í gögnum sem miður væri að færi forgörðum.

Verkefni 4 Könnun á ferðahegðun og útivist Íslendinga

Frá og með árinu 2010 hefur Ferðamálastofa látið framkvæma spurningakönnun meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og utan og ferðaútgjöld á nýliðnu ári. Á árinu 2021 var verkefninu breytt og gerður samningur við Gallup um að sjá um þessa spurningarkönnun.

Nefndin telur þetta verkefni mikilvægt. Samkvæmt gögnum frá Hagstofunni eru ferðaútgjöld Íslendinga innanlands mjög umtalsverð miðað við ferðaútgjöld útlendinga (yfir 40%) og útgjöld Íslendinga vegna ferðalaga erlendis er nálægt helmingur af ferðaútgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi. Nefndin bendir á mikilvægi þess að miðla þessum niðurstöðum betur og kynna fyrir þjóðinni. Nefndin bendir einnig á að mikilvægt sé að fá ýtarlegri og sundurliðaðri mælingar á bæði umfangi og þjóðhagslegu gildi ferðamennsku Íslendinga innanlands og utan, m.a. með tilliti til eðlis hennar, þ.e. tómsstunda, útivistar, íþróttaiðkana (t.d. golfs), innkaupa, skemmtana o.s.frv.

Verkefni 5 Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum

Meginmarkmið verkefnisins er söfnun gagna um ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld á dag. Könnunin hefur verið framkvæmd á 14 stöðum og myndar tímalínu á tveimur stöðum (Húsavík og Mývatnssveit) þar sem hún hefur verið framkvæmd árlega síðan 2013. Á árinu 2019 var könnunin endurtekin á fjórum stöðum (Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og Höfn) en vegna Covid var þessi athugun ekki framkvæmd árið 2021. RMF hefur framkvæmt þessar kannanir.

Könnun þessi hefur nú verið endurskoðuð m.a. í samræmi við ábendingar nefndarinnar og með bættri samhæfinu við landamærakönnun (verkefni 2) og könnun á dreifingu ferðamanna um landið (verkefni 6).

Ráðgjafarnefndin lýsir ánægju sinni með að verið sé að endurbæta þessa könnun og efla. Bent var á að svona kannanir væru í eðli sínu eins og markaðskannanir og gætu nýst sem slíkar. Bent var á að framkvæmd þeirra þyrfti að vera í betra samræmi við umfang ferðamennsku á hverju svæði, en ekki afmörkuð við tiltölulega fáa staði. Þá sé mikilvægt að niðurstöður séu bornar saman við t.d. gistináttatölur og aðrar tiltækar upplýsingar um fjölda starfa niður á einstök sveitarfélög í helstu greinum ferðaþjónustu. Bent var á að markmið þessara kannana þyrfti að vera skýrt og endurbætur og endurhönnun þyrfti að gera í ljósi þeirra.

Verkefni 6 Dreifing ferðamanna á ferðamannastaði

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfangastöðum á Íslandi. Með nýrri tækni hefur orðið gjörbreyting á framkvæmd þessa verkefnis. Tiltölulega ódýrum, sjálfvirkum, nettengdum og viðhaldslitlum teljurum hefur verið komið upp á allmörgum stöðum á landinu. Þessir teljarar veita stafrænum gögnum inn í gagnagrunn FMS í rauntíma sem unnt er að birta á mælaborðinu. Þetta mælanet hefur gefið mjög góða raun og er verið að útvíkka það frekar.

Nefndarmenn fagna þessu framfaraskrefi og telja verkefnið í góðum farvegi. Nefndin bendir á að mikilvægt sé að velja staðsetningar í samráði við áfangastaðastofur landshlutanna. Hún bendir jafnframt á að á þessum nýja mælingagrunni verði mat á ferðamannafjölda eftir landshlutum, sem nefndin telur mikilvæga, auðveldara og vonast

til að slíkar niðurstöður verði kynntar sem fyrst. Nefndin bendir hins vegar á að þessar mælingar nái ekki til annarra mikilvægra hliða þessarar ferðamennsku svo sem þjóðernis ferðamannanna og hvort ferðir séu dagferðir eða hvort gist sé.

Verkefni 7 Greining á rekstrarafkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu

Fyrir ákvörðunartöku og stefnumörkun í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa haldgóðar og tímanlegar upplýsingar um afkomu í greininni. Hagstofan gefur út yfirlit yfir afkomu í ferðaþjónustu sem birtast gjarnan 1-2 árum síðar. FMS vill hins vegar gjarnan geta komið slíkum upplýsingum á framfæri miklu fyrr og jafnvel spá fyrir um afkomuna þar sem tímanlegar upplýsingar um þessi atriði hafa mikið gildi fyrir stefnumörkun fyrirtækja og stjórnvalda. Þetta er sérlega mikilvægt á áfallatímum eins og Covid. Upplýsingar þessar eru nú teknar saman af endurskoðunarfyrirtækinu KPMG samkvæmt samningi við FMS og hafa þær að áliti FMS skilað sér bæði fljótt og vel.

Ráðgjafarnefndin lýsir ánægju með þetta fyrirkomulag. Nefndin bendir á að þessar afkomutölur séu grunnupplýsingar sem auk þess að auðvelda stjórnvöldum stefnumótun í greininni gætu haft áhrif á vilja til fjárfestinga í greininni. Nefndin bendir einnig á að æskilegt sé að greina þessar niðurstöður eftir landshlutum að því marki sem unnt er. Þá er ávallt spurning um lægsta mögulega kostnað við svona athuganir, ekki síst þegar þær eru gerðar reglulega.

Verkefni 8 Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar

Ferðamálastofa hefur lengi unnið að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðaþjónustu. Talsverðum hluta af vinnutíma starfsfólks á rannsókn- og tölfraeðisviði hefur verið varið í þetta verk. Árangurinn má m.a. sjá á mælaborði ferðaþjónustunnar og undirliggjandi gagnasafni. Þróun, efling og viðhald þessa gagnagrunns er verkefni sem ætla má að verði reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu. Stöðugt er verið að bæta þennan gagnagrunn m.a. með áskrift að erlendum gagnaveitum og annarri þróunarvinnu. Stutt er í að helstu töluleg gögn verði niðurhalanleg í EXCEL.

Nefndin vekur athygli á því að gögn á mælaborði séu eðli málsins samkvæmt einkum magnlæg (megindleg) en mikilvæg gögn séu ekki síður eigindleg (texti og myndir). Talið var mikilvægt að auðvelda leið frá mælaborði, sem oft er fyrsti viðkomustaður notanda, að eigindlegu og öðru efni í gagnagrunninum í heild. Helst þyrfti sem mest af því efni að vera niðurhalanlegt.

Þá ítrekar nefndin að aðrir aðilar t.d. stór fyrirtæki í ferðaþjónustu öfluðu sennilega svipaðra gagna, t.d. Icelandair. Þýðingarmikið væri að samhæfa slíka upplýsingaöflun m.a. til að forðast tvíverknað og spara í kostnaði.

Nefndin vill ennfremur ítreka að mjög mikið gagnamagn muni safnast upp í þessum gagnagrunni og því mikilvægt að kerfishönnun og hugbúnaður sé nægilega sveigjanlegur og öflugur til að ráða við það gagnamagn og skilvirka miðlun þess til frambúðar.

II.3 Rannsóknarverkefni í vinnslu

Um áramótin 2020/21 voru gerðir samningar um tímabundin rannsóknarverkefni:

Verkefni 9 Þjóðahagslíkan fyrir ferðaþjónustu: Tæki til högg- aðgerðagreininga og hagspáa.

Tímarammi verkefnisins er 2020-2023. Þessu verkefni miðar því sem næst samkvæmt áætlun. Áhugaverðar niðurstöður ættu að koma fram undir lok þessa árs. Verkefnislok eru áætluð í árslok 2023.

Verkefni þetta er unnið samkvæmt verksamningi. Nefndin gerir ekki athugasemdir við framkvæmd þess.

Verkefni 10 Spár um umsvif í ferðaþjónustu

Tímarammi þessa verkefnis var 2020-2022. Verkefnið fór af stað árið 2020 eins og áætlað var. Ákveðnir áfangar hafa náðst og verið kynntir. Úttekt var gerð á stöðu verkefnisins af utanaðkomandi matsaðila í ársbyrjun 2023 þegar verkefninu átti að vera lokið. Ábendingum matsaðila var komið til verktaka. Verktaki hefur enn ekki skilað lokaskýrslu og viðkomandi spákerfi til Ferðamálastofu. Unnið er að samantekt og frágangi verkefnisins.

Verkefni þetta er unnið samkvæmt verksamningi. Nefndin gerir ekki athugasemdir við framkvæmd þess að öðru leyti

en því að lokaskil verksins að umsögn matsaðila fengnum hafa dregist óhóflega. Nefndin leggur mikla áherslu á að viðkomandi spákerfi sé reglulega viðhaldið með reglulegu endurmati og uppfærðum spám og gerður um það samningur við viðeigandi sérfræðifyrirtæki ef þurfa þykir.

II.4 Mælaborð ferðaþjónustunnar

Mælaborð ferðaþjónustunnar gegnir lykilhlutverki í greiðum aðgangi að gögnum og gagnagrunni FMS. Verkefnið er alfarið unnið innan FMS. Einn starfsmaður hefur það að meginverkefni með öðru að vinna að gagnagrunnsmálum og mælaborðinu. Unnið er eftir þróunarætlun fyrir mælaborðið sem útfærð var í samráði við ráðgjafarnefndina meðal annarra.

Mælaborðið og undirliggjandi gagnagrunnur FMS hefur verið mikið til umræðu í nefndinni. Er það að vonum því þetta eru geymslu- og miðlunartæki þeirra upplýsinga og þekkingar sem rannsóknarvinna FMS skapar.

- (i) Nefndin styður gildandi þróunaráætlun fyrir mælaborðið og leggur áherslu á að henni verði flýtt eins og kostur er.
- (ii) Nefndin telur að enn sé unnt að bæta miðlun upplýsinga um mælaborðið og kynningu þess fyrir væntanlegum notendum. Bent er á að auglýsingastofur og reynsla annarra aðila sem vildu koma gögnum á framfæri gæti hjálpað við þá vinnu.
- (iii) Í gildandi þróunaráætlun eru áform um vinnuhópa m.a. þátttöku notenda til að gera tillögur um að bæta framsetningu gagna á mælaborðinu. Nefndin telur þetta góða leið og mikilvægt að hún verði nýtt.

Nefndin vill ítreka að mælaborðið og undirliggjandi gagnagrunnur séu lykilþáttur í hagnýtingu á gagnavinnu og rannsóknarstarfi FMS og þar með framlagi hennar til skynsamlegrar ákvörðunartöku í greininni. Því beri, að því marki sem ráðstöfunarfé leyfir, að leggja enn meiri áherslu á þennan þátt í rannsóknarvinnunni.

II.5 Tímarit um ferðaþjónustu á Íslandi

FMS átti á árinu 2021 frumkvæði að því að efna til útgáfu tímarits um ferðaþjónustu á Íslandi í samvinnu við háskóla landsins og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Fyrir mitt ár 2021 var gengið frá samkomulagi um að FMS annars vegar og þrjú háskólar hins vegar, þ.e. HÍ, HA og Háskólinn á Hólum skyldu fjármagna þessa útgáfu með árlegu framlagi, en RMF myndi annast útgáfuna. Að undangenginni mikilli undirbúningsvinnu hefur tímaritið verið stofnsett í samræmi við viðmið um alþjóðleg ritrýnd tímarit. Opnað hefur verið fyrir innsendingu greina og er fyrsta grein tímaritsins komin í ritrýni.

Ráðgjafarnefndin fagnar þessu frumkvæði og hvetur til birtinga í tímaritinu án þess að slegið sé af faglegum efniskröfum. Svona tímarit er bæði mikilvægur þáttur í að kynna niðurstöður verkefna á vegum FMS og annarra rannsókna í ferðamálum á Íslandi og í því felst veruleg hvatning til háskólaumhverfisins og annarra að auka rannsóknir og kennslu á þessu mikilvæga sviði íslensks atvinnulífs. Því er mikilvægt að vel og röggsamlega sé að rekstri þessa tímarits staðið.

III. Ný verkefni

Með hliðsjón af því takmarkaða fé sem talið er að til ráðstöfunar verði á árinu 2023 gerir nefndin ekki beinar tillögur um ný rannsóknarverkefni. Í starfi sínu hefur hún hins vegar komið auga á mörg álitleg rannsóknarverkefni, sem enn hefur ekki fundist rannsóknarfé til að framkvæma. Nefndin vill halda þessum lista um vænleg rannsóknarverkefni til haga til frekari útfærslu síðar á þessu ári eða á tímabili næstu rannsóknaráætlunar, ef fjárhagslegt svigrúm til aukinna rannsókna skapast. Í starfi sínu hefur nefndin rætt um að verði svigrúm til nýrra rannsóknar- og gagnöflunarverkefna aukið væri skynsamlegt að forgangsraða verkefnum með tilliti til þarfagreiningar með þátttöku bæði hagaðila í ferðaþjónustu og viðkomandi stjórnvalda.

1. Ferðamennska og loftlagsbreytingar (kolefnissporið).
2. Vinnumarkaðsmál í ferðaþjónustu.
3. Nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu.

4. Samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar (þ.á m. við erlenda ferðaþjónustu, sem og við aðra atvinnuvegi innanlands, milli landshluta og fyrirtækja). [Héyrst hefur að athugun af þessu tagi mun vera í gangi að hluta hjá OECD og skýrsla væntanleg].
5. Jafnvægisásinn: Úrbætur í gagnasöfnun fyrir hann (t.a.m. um vinnumarkaðurinn og viðhorfskannanir, greiningu eftir landshlutum, svæðum og stöðum).
6. Íslenskir ferðamenn innanlands: Eftirspurn og ferðahegðun.
7. Áhrif ferðaþjónustu á sveitarfélög; efnahagsleg og félagsleg; byggðaðþróun.
8. Öryggi í ferðaþjónustu (flókið og margar víddir); Samanburður við það sem erlendis gerist.
9. Bætt hagræn tölfræði í ferðaþjónustu. T.d. virðisauki á ferðamann, virðisauki í skipulögðum ferðum (í afþreyingargreinum) o.s.frv.
10. Rekstur ferðamannastaða: Hæfileg notkun, ofnotkun, stýritæki.
11. Fjármálatækni í ferðaþjónustu. Getum við aukið hlut okkar?
12. Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði. Þetta er að einhverju leyti í jafnvægisásknum, en þarf að skoða á hverjum ferðamannastað fyrir sig.
13. Skynsamleg heildarstefna í ferðaþjónustu. Getur ferðamennska hækkað meðaltekjur á Íslandi og þá hvað mikið? Hvaða tegund af ferðamennsku er arðvænlegust?
14. Skipuleg landshlutagreining haggagna um ferðaþjónustu.
15. Skynsamleg skipulagsumgjörð fyrir ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta hefur í för með sér ytri áhrif í ríkum mæli. Þau áhrif vaxa hratt með fjölda ferðamanna. Afar mikilvægt er að þessum vanda verði mætt með viðeigandi skipulagumgjörð og aðferðum. Slíkt sé vandamt að hanna og þurfi sérfræði til. Því séu útlínur svona kerfis tilvalið rannsóknarverkefni.
16. Brenglun í samkeppnistöðu í ferðaþjónustunni og hvernig má draga úr henni.
17. Tækifæri í ferðaþjónustu á Íslandi og hví hafa þau ekki verið gripin.
18. Áhrif ferðaþjónustu/ferðamennsku á menningu og samfélag
19. Framboð, nýsköpun, vöruþróun og starfsumhverfi í menningar ferðaþjónustu á Íslandi

IV. Önnur atriði

Auk ofangreinds vill nefndin leggja áherslu á eftirfarandi atriði. Rétt er að taka fram að sum af þessum atriðum endurspeglast í hugmyndum að nýjum verkefnum í kafla III.

- (1) Ferðaþjónusta byggir á opnum aðgangi og ósamhæfðri notkun á takmörkuðum náttúruauðlindum í mjög ríkum máli. Afleiðingin er ofnotkun og stundum lítt eða ekki afturkræfar skemmdir. Tjónið (tekjutapið) af þessum ástæðum getur verið mjög mikið og fer hratt vaxandi með ferðamannafjölda. Afar mikilvægt er að greina þennan vanda og hanna skilvirkar leiðir til að draga úr honum. Að mörgu leyti hliðstæðan vanda er við að etja hvað snertir takmarkaða innviði landsins. Á því þarf því einnig að taka. [Sjá ný verkefni 13 og 15]
- (2) Ferðamálastofa athugi möguleika á því að bæta *öryggismálum* ferðamanna inn sem lið í öðrum verkefnum eða eftir atvikum skýrgreina nýtt verkefni um þau mál. [sjá nýtt verkefni 8].
- (3) Ferðamálastofa kappkosti að *landshlutagreina gögn* um ferðaþjónustu. Slík sundurliðun er mikilvæg forsenda þess að þróa ferðaþjónustu í einstökum landshlutum. T.d. mætti huga sér að landshlutagreining gagna yrði almenn verkkræfa í gagnaöflunarverkefnum þar sem það á við. [Sjá nýtt verkefni 14]
- (4) Heppileg dreifing ferðamanna og ferðaþjónustu um landið er mikilvægt viðfangsefni. Þetta atriði er þáttur í ýmsum yfirstandandi rannsóknarverkefnum. [Sjá ný verkefni 7, 10, 12 og 17]. Vel má hugsa sér að gera því hærra undir höfði t.d. með sérstöku verkefni.
- (5) Vel hugsuð rannsóknaráætlun er einungis skref að árangursríku gagnaöflunar- og rannsóknarstarfi. Ekki er síður mikilvægt að vanda til vals á framkvæmdaaðilum, gerðar rannsóknarsamninga og eftirlits með gæðum verkefna og afurða þeirra og að kynna og dreifa niðurstöðum verkefnanna. Bæði varðandi varanleg verkefni

og ný tímabundin verkefni hefur FMS sýnt lofsverðan skilning á þessum atriðum á síðustu árum. Ráðgjafarnefndin leggur til að FMS setji fram almennar ritaðar vinnureglur um hvernig standa skuli að þessum málum sem birtar verði sem þáttur í gagnaöflunar- og rannsóknarstarfi FMS. Reglur þessar taki m.a. til:

- (i) Verklýsinga.
Þær þurfa að vera vandlegar með tilheyrandi áföngum og vörðum. Þó þarf að gæta þess að veita tilbjóðendum svigrúm til að bæta verkefni og framkvæmd þeirra.
- (ii) Auglýsinga og útboða
Meginreglan skal vera að bjóða út verkefni.
- (iii) Mats á tilboðum.
Um þetta mat þurfa að gilda skýrar reglur.
- (iv) Eftirfylgni.
Fylgjast þarf skipulega með framvindu verkefni og grípa inn í ef verkefni fara af tilætlaðri braut
- (v) Gæðamats við verkefnisskil
Þetta er bæði til að tryggja að verkkröfum hafi verið mætt og til að efni frá FMS standist gæðakröfur. Slíkt mat er best framkvæmt af óháðum matsmönnum sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og þeim rannsóknaraðferðum sem beitt er í hverju verkefni fyrir sig.
- (vi) Útgáfu, dreifingu og kynningu niðurstaðna.
Gagnaöflun og rannsóknir koma að takmörkuðu gagni ef þessi hlið málsins situr eftir. Þessi hlið málsins er því jafnmikilvæg og rannsóknarvinnan sjálf.

Viðauki 3

Fundargerðir ráðgefandi nefndar

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir
Fundur 20. 09.05.2023 kl. 16:00

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Diljá Matthíasardóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir (fjart.) og Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjart.). Gunnar Geir Gunnarsson boðaði forföll. Gunnar Þór Jóhannesson var fjarverandi. Fjarfundarboð til Einars B. Árnasonar misfórst.

Auk nefndarmanna sátu fundinn frá FMS: Arnar Már Ólafsson ferðamálastjóri og Jóhann Viðar Ívarsson FMS.

Þetta gerðist:

- DM nýr fulltrúi í nefndinni tilnefnd af SAF boðin velkomin til starfa. Jafnframt var Vilborgu H. Júlíusdóttur þökkuð störf í nefndinni.
- Fundargerð 19. fundar samþykkt.
- Fjallað um stöðu og horfur í starfi nefndarinnar.

Fram koma að ráðstöfunarfé til gagnaöflunar og rannsókna hefur verið óbreytt í krónutölu síðan 2021 og er nálægt 20% lægra að raunvirði á árinu 2023 en það var í upphafi árs 2021. Eins og sakir standa eru horfur á aukinni fjárveitingu á árinu 2024 ekki vænlegar. Nefndin hefur áður lýst áhyggjum sínum vegna þessa samdráttar sem og naumri fjárveitingu til gagnaöflunar og rannsókna m.a. í ráðgjöf sinni um rannsóknaráætlun 2023-5.

AMÓ gerði grein fyrir undirbúningi að aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um ferðaþjónustu, en hann situr í stýrihópi verkefnisins. Vinnan mun m.a. fara fram í sjö undirhópum sem enn er verið að setja saman. Jafnframt verða fyrirtækin RATA og Deloitte ráðgefandi í þessu verki. Ráðherra leggur áherslu á skjót skil á niðurstöðum, hugmyndir til bráðabirgða fyrir lok júní og lokatillögur í lok september nk.

Nefndin fagnaði þessu framtaki og taldi að það gæfi von um aukið fé og svigrúm til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðaþjónustu. Viðstaddir nefndarmenn voru einhuga um að gera skýra grein fyrir viðhorfum nefndarinnar hvað þetta snertir

verði hún kölluð til að gefa álit í þessari vinnu.

Í framhaldinu var nokkur umræða um hvernig nefndin gæti beitt sér að öðru leyti til að auka opinber framlög til gagnaöflunar og rannsókna.

4. Fjallað um opinber framlög til gagnaöflunar og rannsókna. DM kynnti samantekt sína um þetta málefni, samanburð við hliðstæð framlög til annarra grunnatvinnuvega þjóðarinnar og þróun undanfarin ár. Gögn þessi sem byggjast á ríkisreikningi fram til 2021 sýna að opinber framlög til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu eru einungis brot af hliðstæðum framlögum til sjávarútvegs og landbúnaðar. Samantekt DM er fylgiskjal með þessari fundargerð.
5. Önnur mál. Fram kom að Jakob Rolfsson forstöðumaður rannsókna- og tölfræðisviðs FMS hefði látið af störfum. Vonir standa til að gengið verði frá ráðningu á starfsmanni í hans stað á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 17:20

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir
Fundur 21. 15.08.2023 kl. 15:00

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Diljá Matthíasardóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjart.), Gunnar Þór Jóhannesson (fjart.), Einars B. Árnason (fjart). Ingibjörg Sigurðardóttir boðaði forföll. Gunnar Geir Gunnarsson var fjarverandi.

Auk nefndarmanna sátu fundinn frá FMS: Arnar Már Ólafsson ferðamálastjóri og Heiðrún Erika Guðmundsdóttir forstöðumaður rannsókna og tölfræðisviðs FMS (fjart.)

Þetta gerðist:

6. Formaður bauð nýjan nefndarmann, Einar B. Árnason, velkominn til starfa. Jafnframt kynnti hann nýjan forstöðumann rannsókna- og tölfræðisviðs Ferðamálastofu, Heiðrúnu E. Guðmundsdóttur, sem einnig sat fundinn í fjartengingu.
7. Fundargerð 20. fundar samþykkt.
8. Fjallað um stöðu og horfur í starfi nefndarinnar.
RÁ skýrði frá því að ráðstöfunarfé til gagnaöflunar og rannsókna hafi verið því sem næst óbreytt í krónutölu síðan 2021 og væri a.m.k. 20% lægra að raunvirði á árinu 2023 en það var í upphafi árs 2021. Þá væru horfur á aukinni fjárveitingu á árinu 2024 ekki vænlegar. Hann lýsti því að vegna þessarar stöðu hefi viss óþols gætt í nefndinni þegar á árinu 2022. Nefndarmenn hefðu spurt hvaða gagn væri af ráðgjöf þeirra við þær aðstæður þar sem ekki væri unnt að efna til neinna nýrra rannsóknarverkefna.
9. AMÓ gerði grein fyrir starfi að aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um ferðaþjónustu, en hann situr í stýrihópi verkefnisins. Vinnan fer fram í sjö undirhópum sérfræðinga. Endurskoðuð starfsáætlun gerir ráð fyrir að undirhóparnir leggi fram drög sín að aðgerðum fyrir 1. október nk. Þessi drög verða tekin til meðferðar hjá stýrihóp og settar í samráðsgátt stjórnvalda og almennings. Endurskoðaðar lokatillögur yrðu afhentar stjórnvöldum fyrstu dagana í janúar 2024. Í framhaldi af því yrði viðeigandi þingsályktunartillaga lögð fyrir alþingi í byrjun febrúar 2024. AMÓ taldi líklegt að unnt yrði að standa við þessa tímaáætlun, a.m.k. hvað verkefnið snertir. Jafnframt gerði hann sér vonir um að meðal aðgerða yrði tillaga um verulega aukningu á fé til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðamála.
10. Fjallað um ábendingu hinnar ráðgefandi nefndar um fé til gagnaöflunar og rannsókna til ofangreinds verkefnis um aðgerðaáætlun. Fyrirliggjandi texti (fylgiskjal með þessari fundargerð) var samþykktur og formanni falið að koma honum á framfæri við stýrihóp verkefnisins og eftir atvikum undirhóp um rannsóknir og nýsköpun í samráði við AMÓ. Fram kom von nefndarmanna um að í

framhaldi af þessari upplýsingagjöf og tillögum verkefnisins yrði veruleg aukning á fjárveitingum til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðamála.

11. Fjallað um ráðgjöf nefndarinnar vegna rannsóknaráætlunar 2024-26. Tveimur af þremur tímabundnum verkefnum mun verða lokið á þessu ári og því þriðja væntanlega snemma árs 2024. Því kann að vera visst fjárhagssvigrúm fyrir hendi þrátt fyrir raunlækkun heildarframlags. Óskað var eftir að FMS upplýsti nefndina um þetta svigrúm svo skjótt sem verða mætti. Ákveðið að í millitíðinni myndi RÁ taka saman fyrstu drög að ráðgjöf nefndarinnar og senda nefndarmönnum sem grundvöll að nánari skoðun þeirra og yfirferð á síðari fundum í nefndinni.
12. Önnur mál. Spurst fyrir um Tímarit á Norðurslóðum. Fram kom að tímaritið hefði hafið starfsemi þótt fyrsta tölublað hefði ekki komið úr.

Fundi slitið kl. 16:25

Fylgiskjal

Frá: Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir
Til: Stýrihóps um Aðgerðaráætlun í ferðaþjónustu til 2030

Um fjárveitingar til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðamála

I. Þýðing rannsókna og gagnaöflunar á sviði ferðamála

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum. Þjóðhagslegar mælingar á vegum Hagstofu Íslands benda til að beint framlag ferðaþjónustunnar til vergrar landsframleiðslu (virðisauki í greininni sem hlutfall af öllum virðisauka í landinu) hafi numið liðlega 8% á árinu 2018 og nái svipuðu hlutfalli á árinu 2023. Margt bendir til að þetta framlag geti hækkað á komandi árum.

Í ferðaþjónustu starfar mikill fjöldi misstórra fyrirtækja. Ofangreindur virðisauki í ferðaþjónustu er að mestu skapaður innan vébanda þessara fyrirtækja. Þau starfa við rekstrarskilyrði sem stjórnvöld eiga ríkan þátt í að setja m.a. með (i) lögum og reglum, (ii) gerð og rekstri innviða og (iii) með því að móta aðrar rekstraraðstæður í ferðaþjónustu m.a. skattlagningu, gengi, vaxtakjör fjármálamarkaði o.s.frv.

Augljóst er að viðgangur í ferðaþjónustu ræðst mjög af þeim ákvörðunum sem fyrirtækin í greininni og stjórnvöld taka hvort á sínu sviði. Því skiptir miklu máli fyrir þjóðarbúið að þessar ákvarðanir séu sem bestar.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir telur að verulegur skortur sé á þekkingu í ferðaþjónustu. Þessi þekkingarskortur stafar að hluta af skorti á veigamiklum gögnum en einnig á rannsóknum og þar með skilningi á eðli ferðaþjónustunnar og samspils hennar við náttúru, mannlíf og efnahag í landinu.

Afleiðingin er að ákvarðanir fyrirtækja og hins opinbera í ferðaþjónustu eru ekki eins vel undirbyggðar og í eins góðu samræmi við þjóðarhag og sjálfbæra þróun greinarinnar og æskilegt er. Lítil vafi er á því að þetta hefur dregið verulega úr þjóðhagslegu framlagi greinarinnar og mun halda áfram að gera það í framtíðinni verði ekki úr bætt.

II. Tiltölulega litlar fjárveitingar til rannsókna og gagnaöflunar í ferðaþjónustu

Samkvæmt gögnum sem Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur tekið saman er miklu minna fé bæði mælt í krónutölu og miðað við framlag til vergrar landsframleiðslu varið til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu en í öðrum grunnatvinnuvegum landsmanna, þ.m.t. sjávarútvegi, orkuframleiðslu og landbúnaði.

Afleiðingin er óhjákvæmilega veikari þekkingargrundvöllur og þar með næstum örugglega lakari ákvörðunartaka bæði um skipulag og umgjörð ferðaþjónustunnar og einstakar framkvæmdir innan hennar en æskilegt er.

Ferðaþjónustan í núverandi mynd er ung atvinnugrein. Mikið vantar upp á að hún hafi fundið sér það skipulag og farveg sem hagkvæmastur er. Því er fjöldi aðkallandi hagnýtra rannsóknarverkefna fyrir hendi í greininni sem ekki hefur verið sinnt til þessa. Ráðgjafarnefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur bent á ýmis af þessum verkefnum í ráðgjöf sinni á undanförunum árum. Vegna skorts á rannsóknarfé hefur hins vegar ekki verið unnt að ráðast í þau.

Með tilliti til þessa og þjóðhagslegs umfangs ferðaþjónustu getur lítilsháttar bætt ákvörðunartaka í greininni skilað háum fjárhæðum í þjóðarbúið og langt umfram þær fjárhæðir sem nú er varið til rannsókna í greininni og um leið betur tryggt að greinin dafni í sátt við samfélag og náttúru. Það er því enginn vafi á því að auknar fjárveitingar til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu ásamt skynsamlega útfærðri rannsóknaráætlun getur verið afar hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

III. Hugmyndir að endurbótum

Ráðgefandi nefnd telur afar mikilvægt að stórauka fjárframlög til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðaþjónustu. Auknar fjárveitingar einar sér munu þó ekki nægja til að skila fullnægjandi árangri. Samhliða þeim þarf að þarf að setja upp skilvirkt skipulag til að aukið rannsóknarfé nýtist sem allra best fyrir ferðaþjónustuna í landinu og framlag hennar í þjóðarbúið.

Hugmyndir hinnar ráðgefandi nefndar eru nánar tiltekið sem hér segir:

- (i) Fjárveiting til gagnaöflunar og rannsókna stefni að því að verða 1% af virðisauka í greininni.
- (ii) Þessa fjár skal ekki afla með nýjum álögum á greinina heldur sem viðeigandi hlutdeild í innheimtum virðisaukaskatti af greininni.²
- (iii) Gæta þarf þess að gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu séu hagnýt í þeim skilningi að þau leggi með skýrum hætti af mörkum til þess að bæta ákvarðanir fyrirtækja og hins opinbera í greininni.
- (iv) Vanda þarf dreifingu fjár til gagnaöflunar og rannsókna til framkvæmdaraðila (opinberra stofnana, t.d. Ferðamálastofu, Hagstofu og háskóla; hagsmunasamtaka í greininni, fyrirtækja í greininni, rannsóknarstofnana og -fyrirtækja og einstakra rannsakenda) þannig að féð nýtist sem allra best.
- (v) Setja þarf upp skipulag til að tryggja sem best að markmið (iii) og (iv) náist.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir er reiðubúin til að aðstoða við nánari útfærslu á þessum tillögum.

² Virðisaukaskatthlutfall af seldri ferðaþjónustu er breytilegt. Sé virðisaukaskattshlutfallið að jafnaði 10% þýðir þetta að um 10% af virðisaukaskattstekjum rynni til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu.

Viðauki A

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir starfar samkvæmt reglugerð nr. 20 árið 2020 um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála.

Hlutverk nefndarinnar er að veita ferðamálastofu ráðgjöf um gagnaöflun og rannsóknir og skulu niðurstöður hennar lagðar til grundvallar rannsóknaráætlunar sem ferðamálastofa mótar (sjá 5. og 6. gr. reglugerðarinnar).

Í nefndinni sitja sérfróðir aðilar um ýmsar hliðar ferðaþjónustu, þ.á m. þrír sérfræðingar frá háskólum landsins. Nánar tiltekið eiga nú sæti í nefndinni:

Dr. Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, formaður.

Dr. Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri og lektor við Háskólann á Hólum.

Dr. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu.

Diljá Matthíasardóttir, hagfræðingur SAF

Einar B. Árnason, sérfræðingur, menningar og viðskiptaráðuneytið

Viðauki B

Opinber framlög til rannsókna í ferðaþjónustu**I. Beint framlag til gagnaöflunar og rannsókna**

Frá því gildandi reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála tók gildi í upphafi árs 2020 (reglugerð nr. 20, 10. jan. 2020) hafa opinber framlög til ferðamálarannsókna á vegum Ferðamálastofu verið mjög lágt hlutfall (yfirleitt innan við 0,1%) af framlagi greinarinnar til VLF. Viðkomandi stærðir eru raktar í eftirfarandi töflu:

	Ferðamálastofa: Fé til gagnaöflunar og rannsókna (m. kr.)	Framlag ferðaþjónustu til VLF (mia. kr)	Hlutfall rannsóknarfjár af framlagi til VLF
2019	?	248,04	?
2020	119,1	84,6	0,141%
2021	127,0	156,1	0,081%
2022	126,4	293,0 (áætl.)	0,043% (áætl.)
2023	127,0 (áætl.)	321,0 (spá)	0,040% (spá)

Það er jafnframt athyglivert að þetta framlag hefur staðið í stað í króu8m talið frá 2021 og lækkað verulega sem hlutfall af framlagi greinarinnar til vergrar landsframleiðslu.

B. Framlag alls

Til viðbótar við fé það til gagnaöflunar og rannsókna sem fer um Ferðamálastofu þarf að bæta nokkru opinberu fé til gagnaöflunar og rannsókna sem ráðuneyti ferðamála ráðstafar beint (m.a. til Hagstofunnar), því fé sem fer til rannsókna í ferðamálafræðum í háskólum landsins auk rannsóknarfjár til ferðaþjónustumála frá rannsóknarsjóðum.

Athugun á ríkisreikningi og öðrum heimildum benda til að á árinu 2021 megi bæta við liðlega 200 m. kr. af þessum sökum. Samkvæmt því var á árinu um 329 m. kr. varið í gagnaöflun rannsókna á sviði ferðamála og nemur sú upphæð um 0,21% af framlagi ferðaþjónustu til vergrar landsframleiðslu á því ári.

C. Samanburður við aðra grunnatvinnuvegi

Athugun á ríkisreikningi og öðrum heimildum benda til að á árinu 2021 hafi opinbert framlag til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu verið brot (minna en 1/10) af sambærilegum framlögum til annarra grunnatvinnuvega

landsmanna. Þessum samanburði er nánar lýst í eftirfarandi töflu:

	Opinbert rannsóknarfé samtals (M.kr.)	Beint framlag greinar til VLF (Hlutfall)	Opinbert rannsóknarfé miðað við framlag til VLF (Hundraðstala)
Ferðabjónusta	329	0,048	0.21%
Sjávarútvegur	4871	0,063	2,38%
Landbúnaður	3019	0,010	9,30%
Orkuframleiðsla	14144	0,041	10,63%

Eins og sjá má er opinbert rannsóknarfé til orkumála það langmesta. Ástæðan er fyrst og fremst sú að helstu fyrirtæki í greininni eru opinber fyrirtæki og þau, einkum Landsvirkjun, leggja mikið fé í rannsóknir á orkumálasviði.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir
Fundur 22. 20.09.2023 kl. 15:00

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Diljá Matthíasardóttir, Einars B. Árnason og Gunnar Geir Gunnarsson. Ingibjörg Sigurðardóttir var fjartengd en þurfti að víkja af fundi kl. 15:33. Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

13. Fundargerð 21. fundar samþykkt.
14. Í framhaldi af fundargerð ræddi RÁ gang vinnu að aðgerðaráætlun í ferðaþjónustu til 2030 og sérstaklega starf undirhóps um verðmætasköpun og samkeppnishæfni sem hann á sæti í og DM er starfsmaður í. Undirhópurinn hefur komið sér saman um bráðbirgðatillögur sem unnt er að koma í skjóta framkvæmd og sent ráðherra. Í aðalatriðum er efni þeirra eftirfarandi: (i) gistinóttagjald verði aflagt, (ii) tekið verði upp samkeppnisjöfnunargjald (kallað innviðagjald) á skemmtiferðaskip og (iii) tekin verði upp álagsstýring/-temprun á einstaka ferðamannastaði á forræði ríkisins.
Miklar umræður urðu um þessar hugmyndir og væntanlega aðgerðaráætlun til 2030. M.a. voru settar fram spurningar og vangaveltur um hvort þessar tillögur myndi ná því markmið fjárlaga að afla 4,2 mia kr. frá ferðaþjónustunni. RÁ taldi að svo gæti hæglega verið.
15. RÁ skýrði frá því að ábendingu hinnar ráðgefandi nefndar um fé til gagnaöflunar og rannsókna hefði verið komið á framfæri til stýrihóps um gerð aðgerðaáætlunar í ferðaþjónustu til 2030 sem og undirhóps um rannsóknir og nýsköpun. Báðir viðtakendur hefðu tekið ábendingunni vel og téður undirhópur hefði lýst vilja til að boða fulltrúa nefndarinnar á fund til að kynna ábendinguna nánar. Ákveðið að formaður og a.m.k. einn annar nefndarmaður skyldi sækja þennan fund og jafnframt eins margir aðrir nefndarmenn og það kysu.
16. Fjallað um ráðgjöf nefndarinnar vegna rannsóknaráætlunar 2024-26. DM gerði tillögu um að herða á orðalagi varðandi uppfærslu á ferðamannaspá (verkefni 10) og ferðaþjónustureikninga Hagstofunnar. Nefndarmenn tóku undir þetta og RÁ falið að ganga frá viðeigandi orðalagi og senda síðan ráðgjöfina til ferðamálastjóra.
17. Rætt um fé til gagnaöflunar og rannsókna á árinu 2024 og 2025. Fyrir liggur að ekki verður um aukningu að ræða á árinu 2024 og því ekkert fé til að leggja í ný verkefni. Meiri von er talin um aukið fé á árinu 2025 m.a. í framhaldi af aðgerðaráætlun í ferðaþjónustu til 2030.

Fram komu efasemdir um starfsforsendur hinnar ráðgefandi nefndar ef ráðstöfunarfé til gagnaöflunar og rannsókna verður ekki aukið.

Fundi slitið kl. 16:10*

